<p>a. Trésmíðahús, úr bindingi, allt klætt utan borðum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Veggirnir eru vírlagðir og múrhúðaðir utan með skeljasandi. Allt er húsið þiljað innan með panel. Það er ósundurhólfað, aðeins v.s. afþiljað í einu horni þess. Í húsinu er steinsteypugólf og undir því steinsteypugrunnur.</p>	
Stærð: L. 10.0 m. br. 7.5 m. h. 3.0 m. ris 0.9 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	24.040.-
<p>b. Viðbygging við trésmíðahúsið, úr vikurholsteini á þremur hliðum. Þak er úr borðasúð, pappa og járn. Steinsteypugólf er í húsinu. Það er múrhúðað utan. Viðbyggingin er ekki hólfuð í sundur.</p>	
Stærð: L. 9.1 m. br. 6.3 m. h. 3.3 m. skáþak.	
Viðbyggingin er virt ásamt tilheyrandi á.....	20.900.-
Samtals	44.940.-

Gata og númer:

MOSGERÐI 1

Möt framkvæmd: 30/10/1957

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, hlaðið úr holsteini, einangrað með korki, múrhúðað að utan, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og fjórum gluggakvistum.

Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Harðviðarhurðir. Tvöfalt gler er í gluggum.

Þakhæðin er óinnréttuð, en skilrúm eru úr timbri.

Í kjallara eru 3 tannlæknaherbergi, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. Venjulegar hurðir. - Auk þess er í kjallaranum þvottahús og þurrkherbergi og 1 geymsla.

Stærð hússins:

L. 7.9 m. Br. 6.9 m. H. 3.3 m. Ris 2.0 m. Kj. 2.2 m.

L. 3.7 m. Br. 6.9 m. H. 2.7 m. Ris 2.0 m. Kj. 2.2 m. Alls 504.93 m<sup>3</sup>

Húsið, með tilheyrandi, er metið á . kr. 368.600.00

Gata og númer: MOSGERÐI 2

Möt framkvæmd: 30/7 1954	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris m/kvisti byggt úr steinsteypu, hraunhúðað utan, klætt innan korki og steinull og með þaki úr timbi, pappa og bárujárni. -  Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri innri forstofa m/stiga upp, allt málað og dúklagt, ennfremur þvottahús m/sérútgangi og olíumiðstöðvar-  klefa. - Á þakhæð eru 3 herbergi og geymsla, málað og dúklagt.</p> <p>Stærð hússins : L. 7.75 m. Br. 6.4 m. H. 2.7 m. ris 3.0 m. = 208.32 m<sup>3</sup>  " útskots : L. 3.40 m. Br. 7.6 m. H. 2.7 m. ris 3.0 m. = 108.52 m<sup>3</sup>  " - do - : L. 1.0 m. Br. 5.0 m. H. 2.7 m. ris 2.5 m. = 20.00 m<sup>3</sup></p> <p style="text-align: right;">336.84 m<sup>3</sup></p>	
Húsið með útskotum og tilheyrandi er metið á . . . . .	kr. 208.800.00
	Kr. 208.800.00

Gata og númer: Mosgerði 3

Möt framkvæmd: 24. apríl, 1954

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, hlaðið úr sandsteini á steinsteyptan grunn, loft steinsteypt, óhúðað utan, korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. - Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri m/föstum fataskápi, innri forstofa og 4 fastir skápar, allt málað og dúklegt, enn fremur þvottahús m/olíumiðstöð og bakinnangangur, geymsla og gangur. Ris óinnréttað.

Stærð hússins : L. 7.9m. Br. 6.9m. H. 3.3m. ris 2.1m.

" viðb. : L. 3.7m. Br. 6,9m. H. 2.7m. ris.2.2m. = 336.85m<sup>3</sup>

Húsið með viðbyggingu og tilheyrandi er metið á .....kr. 202.100.00

Kr. 202.100.00

Gata og númer: MOSGERÐI 4.

Möt framkvæmd: 28/2/1961.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris með 4 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, húðað með marmara, og með bárujárns þaki.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, 2 forstofur, 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, kerlaug og v. s. m/handlaug. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum. Hurðir eru málaðar.</p> <p>Í þakhæð er stigahús, forstofa, 2 íbúðarherbergi, eldhús, kerlaug og 2 v. s. m/2 handlaugum. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum. Hurðir eru málaðar.</p> <p>Í kjallara er anddyri, forstofa, 3 íbúðarherbergi, eldhús, kerlaug og v. s. m/handlaug. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðviði. Auk þess, þvottahús, kyndiklefi m/olífukyndingartæki (1 ketill).</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9, br. 6.9, h. 3.4, ris 2.0 kj. 2.2 = 512.9 rúmm.</p> <p>" 3.7, " 6.9, " 2.8, " 2.0 " 2.2</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr. 564.200.-</p>	
<p>Virt 14/6 1974.</p> <p>Frá síðasta mati hefur verið sett ný eldhúsinnrétting.</p> <p>Nýjar hurðir, öll hæðin tekin í gegn.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr. 4.874.000</p>	

Gata og númer:

MOSGERÐI 5.

Möt framkvæmd: 10/5/1962.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu og hlöðnum vikursteyni, einangrað með korki, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni, slétthúsað og málað utan. Upphitun er með olíu.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum.</p> <p>Í þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, stigi og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum.</p> <p>Í kjallara er anddyri, þvottahús, kyndiklefi og 1 geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.5 m., ris 2.00 m.  " 3.7 " " 6.9 " " 2.7 " " 2.00 " = 396.0 m<sup>3</sup>.  Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr. 476.000.-</p>	
<p>Virt: 31/5 1979.</p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar endurbætur á húsinu.</p> <p>1.hæð: óbreytt.</p> <p>Þakhæð: Þar hafa verið gerðar endurbætur og er nú 3.herbergja íbúð, eldhús og bað. Veggir eru málaðir og gólf eru dúklögð, innbyggðir skápar. Endurnýjaðar hafa verið raflagnir ofl.</p> <p>Stærðir hússins eru óbreyttar.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 20.988.000.-</p>	
<p>Virt 14/8 1980.</p> <p>1. hæð: er óbreytt.</p> <p>Þakhæð: Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsinu og óskast matið hækkað til samræmis við það.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar: 396 m<sup>3</sup>. 63 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á .....kr. 39.018.000</p>	

Möt framkvæmd: 30/12/1953.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari undir nokkru, byggt úr hlöðnum sandsteini, en kjallari steinsteypur, fínhúðað utan, korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 2 fastir skápar, allt málað og dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara er 1 íbúðarherbergi og eldhús, málað og dúklagt; ennfremur stigagangur.

Stærð hússins	:	L 7.9	br. 6.9	h. 2.9	ris 2.0	212.58 m <sup>3</sup>
"	viðbyggingar:	L 3.0	br. 6.9	h. 2.7	ris 1.7 kj. 2.2	<u>120.06 m<sup>3</sup></u>
						<u>332.64 m<sup>3</sup></u>

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

200.000.-

Möt framkvæmd: 15/4 1957.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, undir hluta af húsinu, hlaðið úr sandsteini á steinsteyptum kjallara, einangrað með vikri, slétthúðað og málað að utan, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og þremur gluggakvistum.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt.</p> <p>Í þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og stofur veggfóðraðar. Allt dúklagt. Tvöfalt gler í gluggum.</p> <p>Í kjallara er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. - Auk þess er í kjallaranum þvottahús og kyndiklefi m/olíukyndingarkatli, 1 geymsla og geymsla undir tröppum, 2 inngangar inn í kjallarann Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m. Br. 6.9 m. H. 3.0m Ris 2.5 m.  L. 3.7 m. Br. 6.9 m. H. 3.0 m. Ris 1.2 m.  kj. L. 4.8 m. Br. 6.9 m. H. 2.2 m. Alls 399.15 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr. 331.300.00</p>	
<p><u>Virt:5/5.1981.</u></p> <p>Húsið hefur verið endurmetið til hækkunar vegna hækkandi verðlags. Stærðir hússins eru óbreyttar frá síðasta mati eða 448 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....k 600.320.-</p>	



Möt framkvæmd: 15/1/1958.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari undir hálfum hluta hússins, hlaðið úr sandsteini, einangrað með vikri, múrhúðað utan, með baki úr timbri, pappa og bárujárni og með 5 gluggakvistum.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum.</p> <p>Í þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, Stigahús og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler í gluggum.</p> <p>Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi með olíukúndingarkatli og geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.5 m., ris 2.0 m.  " 3.7 m., " 6.9 m., " 2.8 m., " 2.0 m.  kj. " 6.9 m., " 4.0 m. kj.h. 2.3 m.</p> <p>Samtals 405.78 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið a ..... kr.</p>	<p>344.900.-</p>

Gata og númer:

MOSGERÐI 9.

Möt framkvæmd: 25/6/1962.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris með 4 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með gosull og plasti, slétthúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum.</p> <p>Í þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigi og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum.</p> <p>Í kjallara er anddyri, þvottahús, kyndiklefi og 1 geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.5 m., ris 2.5 m., kjh. 2.0 m.  " 3.7 " " 6.9 " " 2.8 " " 2.2 " = 498.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.</p>	<p>548.000.-</p>

Gata og númer:

MOSGERÐI 10.

Möt framkvæmd: 20/5/1960. 29/6/1971	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari undir hálfum hluta hússins, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, húðað marmara utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar og tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>Í þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, stigahús og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar og tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>Í kjallara er þvottahús, baðherbergi, kyndiklefi m/olíukyndingarkatli og 2 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:  L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.2 m., ris 1.7 m.  " 3.7 " " 6.9 " " 2.8 " " 1.6 " kj. 2.2 m. = 371.56 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr. 360.200.-</p>	
<p><u>Virt:29/6/1971.</u></p> <p>Óbreytt að stærðum frá síðasta mati 20/5/1960, en öll hæðin hefur verið endurbætt bæði í eldhúsi og stofum.</p> <p>Þakhæðin: Þar er nú 3 herbergi, gangur og geymsla. Allt málað og dúklagt. Kjallarinn óbreyttur.</p> <p>Stærð hússins:  L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.2 m., ris 1.7 m.  L. 3.7 m., br. 6.9 m., h. 2.8 m., ris 1.6 m., kj. 2.2 m. = 372.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 1.823.000.-</p>	

Gata og númer:

MOSGERÐI 11.

Möt framkvæmd: 10/3/1962.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari og með þrem kvistum, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, múrhúsað utan, þak er úr timbri, pappi og með skífu. Upphitun er með olíu.</p>	
<p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði.</p>	
<p>Í þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, m/kerlaug v. s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar.</p>	
<p>Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler í gluggum og hurðir eru málaðar. Auk þess er í kjallara þvottahús og kyndiklefi og 1 geymsla.</p>	
<p>Nýr bílskúr hlaðinn úr holsteini, með timburþaki klæddu bárujárnri, einangraður með vikurplötum, óupphitaður og ósundurhólfaður.</p>	
<p>Stærð hússins:</p>	
<p>A: L. 11.15 m., br. 6.4 m., h. 2.7 m., ris 3.0 m., kjh. 2.3 m.</p>	
<p>" 5.00 " " 1.4 " " 2.7 " " 2.5 " " 2.3 "</p>	
<p>" 3.40 " " 1.0 " " 2.7 " " 1.7 " " 2.3 " = 528.00 m<sup>3</sup>. kr.</p>	644.000.-
<p>B: " 4.00 " " 8.0 " " 2.5 " = 80.00 m<sup>3</sup>. "</p>	32.000.-
<p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... Samtals kr.</p>	676.000.-

Gata og númer:

MOSGERÐI 12.

Möt framkvæmd: 25/6/1962.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris með 3 kvistum og kjallari undir hálfum hluta hússins, hlaðið úr holsteini og vikur, engin einangrun, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.

Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði.

Í þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v. s. og handlaug, kerlaug. Stigi og forstofa. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar.

Í kjallara er 1 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, anddyri. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar. Ennfremur er í kjallara þvottahús, kyndiklefi og 1 geymsla.

Stærð hússins:

L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.3 m., ris 1.7 m.

" 3.7 " " 6.9 " " 2.8 " " 1.7 " kjh. 2.2 m. = 379.00 m<sup>3</sup>.

Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.

417.000.-

Möt framkvæmd: 30/19 1956.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með gosull og múrhúðað innan, slétthúðað utan. Húsið er 1 hæð, ris og kjallari, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þrír kvistir eru á þakinu. - Á 1. hæð hússins eru anddyri, forstofa, 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, handlaug og v. s. - Allt er þar málað og dúklagt. - Í rishæð er stigahús, forstofa, 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, handlaug og v. s. - Allt er þar málað og dúklagt. - Í kjallara eru anddyri, forstofa, 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, handlaug og v. s. 1 geymsluherbergi, þvottahús og kyndiklefi m/olíukyndingu.</p> <p>Stærðir hússins eru sem hér segir:</p> <p>L. 7.90 m. Br. 6.90 m. H. 2.60 m. ris 3.00 m. kj. 2.40 m.</p> <p>L. 3.70 m. Br. 6.90 m. H. 2.60 m. ris 3.0 m. kj. 2.40 m. = 520.25 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . kr. 405.800.00</p>	

Gata og númer:

MOSGERÐI 14

Möt framkvæmd: 15/3 1957.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð og ris, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, húðað að utan, með marmara og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklegt. Spónlagðar hurðir.</p> <p>Þakhæðin er ófrágengin.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m. Br. 6.9 m. H. 3.3 m. Ris 2.0 m.</p> <p>L. 3.7 m. Br. 6.9 m. H. 2.7 m. Ris 2.0 m. Alls 328.85 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr. 256.500.00</p>	

Möt framkvæmd: 31/10 1955	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, hlaðið úr sandsteini, múrhúðað utan, klætt innan vikri og pappa og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, v.s. m/handlaug, anddyri, innri forstofa, allt málað og dúklagt, múrhúðað timburloft, mahognyhurðir. Íbúðin er ekki fullfrágengin. - Þakhæðin er ósundurhólfuð geymsla.</p> <p>Stærð hússins : L. 7.9 m. Br. 6.9 m. H. 3.3 m. ris 1.7 m. = 228.94 m<sup>3</sup></p> <p>" " : L. 3.0 m. Br. 6.9 m. H. 2.8 m. ris 1.6 m. = 74.52 m<sup>3</sup> 303.46 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með viðbyggingu og tilheyrandi, er metið á . . . . . kr. 206.400.00</p>	



Gata og númer:

MOSGERÐI 16.

Möt framkvæmd: 25/7/1959.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús ein hæð og ris, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og með 3 gluggakvisti.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar og tvöfalt gler er í gluggum. - Auk þess er á hæðinni þvottahús og kyndiklefi m/olíukyndingarkatli.</p> <p>Þakhæð er óinnréttuð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.5 m., ris 2.4 m.</p> <p>" 3.7 " " 6.9 " " 2.7 " " 2.3 " = 355.75 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á ..... Kr.</p>	<p>284.600.-</p>

Mosgerði 17

Brunabóta nr. 4704

Gata og númer:

~~Selás 13~~ Selás 13, Lúðarherbergi

Möt framkvæmd: (18/9/1946.) (12/12/1951.) (30/12/1953.) 20/1/1961.	Metið kr.
<p>Sumarbústaður úr timbri á steinsteypum grunni, klæddur utan pappa á veggjum og þaki. Innan á útveggjum er borðaklæðning og trétex. Skilrúm eru úr timbri og er íbúðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús m/miðstöðvareldavél.</p> <p>Stærð: L. 5.5 m. br. 6.0 m. h. 2.6 m. valmaris 0.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>20.000.-</p>
<p><u>Virt 12/12/1951.</u></p> <p>Húsið, sem áður var Selás 13, er óbreytt frá síðasta mati 18. september 1946.</p> <p>Íbúðarhús: L 5.5 m. br. 6.0 m. h. 2.6 m. ris 0.9 m. = 99.00 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>39.600.00 ✓</p>
<p><u>Virt 30/12/1953.</u></p> <p>Húsið hefir frá síðasta mati 12. desember 1951 verið lengt og breikkað og sett á það ris. Stækkunin er úr timbri og sandsteini, steinsteypur grunnur múrhúðað utan, vikurklædd innan og með þaki úr timbri og pappa. Á hæðinni eru nú 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og þrífettur fastur skápur, allt málað, nema 1 herbergi, allt dúklagt; ennfremur geymsla og þvottahús m/niðurgrafinni olíumiðstöð. Þakhæð ósundurhólfuð geymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 9.1 br. 8.8 h. 2.6 ris 2.0 = 288.28 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>144.100.00 ✓</p>
<p><u>Virt 20/1. 1961.</u></p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati, 30/12. 1953, en á þak hússins hafa verið settir 4 kvistir.</p> <p>1. hæð er óbreytt frá síðasta mati.</p> <p>Þakhæð hefur verið innréttuð og eru þar 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, forstofa og stigahús. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.1 m., br. 8.8 m., h. 2.6 m., ris 2.0 m. = 288.28 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á .....</p>	<p>kr. 331.500.-</p>

Gata og númer:

MOSGERÐI 18.

Möt framkvæmd: 15/1/1958.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð og ris, byggt úr steinsteypu og hlaðið úr sandsteini, einangrað með korki, slétthúðað utan, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og með 3 gluggakvistum.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. Maghognyhurðir.</p> <p>Í þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, stigahús, innri forstofa og gangur. Allt málað, veggfóðrað og dúklagt. Auk þess eru þar geymslur. - Einnig er geymsla undir tröppum. Kolakynt.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.5 m., ris 2.0 m.  " 3.7 m., " 6.9 m., " 2.8 m., " 2.0 m. Samtals 342.30 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr.</p>	<p>291.000.-</p>

Möt framkvæmd: 15/3 1957.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, óhúðað að utan, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og þremur glugga-kvistum.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Harðviðarhurðir.</p> <p>Í þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Venjulegær hurðir.</p> <p>Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. - Auk þess er í kjallanum þvottahús, kyndiklefi m/1 olíukyndingarkatli og 1 geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m. Br. 6.9 m. H. 3.5 m. Ris 1.8 m. Kj. 2.3 m.</p> <p>L. 3.7 m. Br. 6.9 m. H. 2.7 m. Ris 2.0 m. Kj. 2.3 m. Alls 518.39 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr. 414.700.00</p>	

Möt framkvæmd: 10/10/1953. 7/5/1968	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, hlaðið úr vikurholsteini á steinsteypu grunn, slétthúðað utan, múrhúðað innan og með paki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og innri forstofa, allt málað og dúklagt, nema terrassó á baðherbergi og anddyri, geymsla og olíumiðstöðvarklefi, þvottahús er í baðherbergi. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 7.9 br. 6.9 h. 3.5 ris 2.0 = 245.29 m<sup>3</sup>  " " L 3.7 br. 6.9 h. 2.8 ris 2.2 = 99.56 m<sup>3</sup>  <span style="border-top: 1px solid black; border-bottom: 3px double black; display: inline-block; width: 100px; margin-left: 150px;"></span> 344.85 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á..... 186.200.00 ✓</p>	
<p><u>Virt: 7/5/1968</u></p> <p>Frá síðasta mati, hefur verið byggt við húsið úr steinsteypu, einangrað með plasti. Þar eru 2 íbúðarherbergi með skápum. Eldri hlutinn er óbreyttur, en á að endurmetast.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 6.6 m., br. 6.9 m., H. 2.7 m., ris 2.0 m.  L. 7.9 m., br. 7.9 m., h. 3.0 m., ris 2.0 m. = 419.00 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 1.198.000.-</p>	

Möt framkvæmd: (30/9/1957.) 25/8/1962.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari undir hluta af húsinu, byggt úr steinsteypu og sandsteini, einangrað með korki, múrhúðað að utan, með þaki úr timbri, pappa og aluminium og þremur gluggakvistum.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. Málaðar hurðir.</p> <p>Í þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, stigahús og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt.</p> <p>Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingartæki og 2 geymslur ásamt geymslu undir tröppum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m. Br. 6.9 m. H. 3.3 m. Ris 1.6 m. Kj. 2.2 m. = 343.41 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr. 285.000.00</p>	
<p><u>Virt 25/8. 1962.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 30/9. 1957, hefur húsið verið stækkað úr steinsteypu, einangrað með plasti og viðbygging óhúðuð utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Húsið er ein hæð, ris með 3 kvistum og kjallari.</p> <p>Frá síðasta mati hefur 1. hæð verið stækkuð um 2 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru málaðar.</p> <p>Þakhæð er óbreytt frá síðasta mati, nema í viðbyggingu er 1 geymsla.</p> <p>Í viðb. við kjallara eru 2 geymslur. Nú er búið að múrhúða allan kjallarann og setja í hann tvöfalt gler.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.3 m., ris 2.0 m., kjh. 2.3 m.</p> <p>viðb. " 4.9 " " 6.9 " " 2.7 " " 2.0 " " 2.3 " = 562.6 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á . . . . . kr. 703.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 25/6/1962.	Metið kr.
<p>A. Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, ein hæð og ris, einangrað með korki, slétthúðað og málað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.</p>	
<p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Ennfremur er á hæðinni þvottahús og kyndiklefi.</p>	
<p>Í þakhæð er geymsla.</p>	
<p>B. Bílskúr úr steinsteypu, þak klætt bárujárni, óeinangraður.</p>	
<p>Stærð hússins:</p>	
<p>A. L. 10.8 m., br. 7.4 m., h. 2.8 m., ris 2.0 m. = 280.00 m<sup>3</sup>. . . . . kr.</p>	303.000.-
<p>B. " 3.6 " " 10.0 " " 2.6 " = 94.00 m<sup>3</sup>. . . . . "</p>	33.000.-
<p>Húsið, ásamt bílskúr og tilheyrandi er virt á samtals . . . . . kr.</p>	336.000.-

Gata og númer:

M O S G E R Ð I 23.

Möt framkvæmd: 30.3.1960.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, húðað marmara utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og með þrjá glugga-kvisti.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápær. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum.</p> <p>Þakhæð er óinnréttuð.</p> <p>Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr krössviði og einfalt gler er í gluggum. - Auk þess er í kjallara þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingarkatli. og ein geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9 m., br. 6.9 m., h. 3.4 m., ris 2.1 m., kj. 2.3 m.,  L. 3.7 m., br. 6.9 m., h. 2.8 m., ris 2.0 m., kj. 2.3 m., = 525.41m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....kr.</p>	<p>453.100.-</p>



Möt framkvæmd: 10/8 1956.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, klætt innan með korki og múr- húðað, slétthúðað utan, með þaki úr timbri, pappa og steinskífum. Húsið er 1 hæð, þakhæð og kjallari, að hálfu. Á 1. hæð er anddyri, forstofa, 2 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, - allt er þar málað og dúklagt. Harðviðarhurðir. - Þakhæð er óinnréttuð. - Í kjallara er eitt geymsluherbergi, sam- eiginlegur þvotta-og kyndiklefi m/olíukyndingu.</p> <p>Stærð hússins er :</p> <p>L. L. 7.9 m. Br. 6.9 m. H. 3.5 m. ris 2.0 m. Útbygg.: L. 3.7 m. Br. 6.9 m. H. 2.7 m. ris 2.0 m. kjallara: L. 4.8 m. Br. 6.9 m. H. 2.3 m. Alls 415.92 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með útbyggingu og tilheyrandi, er metið á . . . . . kr. 270.300.00</p>	
<p><u>Virt 10/11/1958.</u></p> <p>Frá síðasta mati 10/8/1956, hefir húsið verið fullgert.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, forstofa og anddyri. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Þakhæð er óinnréttuð, en lagt hefur verið gólf . Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingarkatli og 1. geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.9m., br. 6.9m., h. 3.5m., ris. 2.0m., L. 3.7m., br. 6.9m., h. 2.7m., ris. 2.0m., kj. L. 4.8m., br. 6.9m., h. 2.3m., ris. + == 415.92m<sup>3</sup></p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 374.300.-</p>	

Gata og númer: Mosgerði 25

Möt framkvæmd: 8 / 1 / 68

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð, ris og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með íplasti. Slétthúsað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.

1. hæð: Þar er anddyri, gangur, 2 íbúðarherbergi, 1 eldhús með borðkrók, 1 V.S., 1 handlaug, 1 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig parket. Þvottaherbergi og búr er á hæðinni, og geymsla undir tröppum.

Þakhæð: Stigahús, gangur, 4 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi með kerlaug, 1 V.S., 1 handlaug, 1 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.

Kjallari: Þar er anddyri, 3 íbúðarherbergi, 1 eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 1 V.S., 1 handlaug. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Gólf eru máluð, þvottahús og kyndiklefi eru í kjallara, einnig geymsla. Kjallarinn er ekki tilbúinn.

Stærð hússins:

$$\begin{array}{l} \text{L } 11,9\text{m.}, \text{ Br. } 8,7\text{m.}, \text{ H. } 2,8\text{m.}, \text{ Kj. } 2,7\text{m.} \\ \text{L } 8,8\text{m.}, \text{ Br. } 8,7\text{m.}, \text{ H. } 2,7\text{m.} \end{array} \left. \vphantom{\begin{array}{l} \text{L } 11,9\text{m.}, \text{ Br. } 8,7\text{m.}, \text{ H. } 2,8\text{m.}, \text{ Kj. } 2,7\text{m.} \\ \text{L } 8,8\text{m.}, \text{ Br. } 8,7\text{m.}, \text{ H. } 2,7\text{m.} \end{array}} \right\} = 776 \text{ m}^3$$

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr. 1.862.000.00

Gata og númer:

Múlavegur, Hafrafelli. (Fvlbl. 8)

Möt framkvæmd:	Metið kr.
2/1/1943. 2/12/1969.	
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með sléttu þaki, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum, vírneti og múrhúð á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Yfir járnþakinu er tjörupappi og asfaltlag þar yfir, sementsstrokið. Í bindinginn er stoppað með sagspónum og borðaklæðning innan á honum. Skilveggja-bindingur er með tvöfaldri panelklæðningu og þiljað er neðan á loftbita og loftin strigalögð. Veggir allra íbúðarherbergja eru einnig klæddir krossviðarplötum, olíubornum, en eldhús, þvottahús, baðherbergi og anddyri er múrsléttað á vír og málað. Sömmuleiðis eru gluggar og dyraumgerðir með hurðum málað. Steinsteypugólf er í húsinu og "origonpain"-gólf þar yfir. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, matklefi, baðherbergi m/v.s., 6 fastir skápar, geymsluherbergi, þvottahús og anddyri.</p> <p>Stærð: L. 10.7 m. meðalbr. 8.6 m. h. 3.2 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	47.480.-
<p>b. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum og múrsléttaður á veggjum og með járnþaki.</p> <p>Stærð: L. 4.5 m. br. 2.4 m. h. 2.4 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.170.-
<p>c. Fjós og heyhlaða, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og múrsléttuðu vírneti á veggjum og jární á þaki. Skjólveggjum úr torfi er hlaðið utan um það og torfbak er yfir járninu. Í öllu húsinu eru steinsteypugólf. Í því er heyhlaða, fjós, geymsluklefi og gangur. Í fjósinu eru 3 kúabásar með milligerð úr tré, 1 hlið þess og geymsluklefans er þiljuð innan og þar stoppað í binding með spónum.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 8.0 m. h. 2.0 m. ris 1.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	19.400.-
	Samtals 68.050.- <sup>v</sup>
<p>Virt: 2/12/1969.</p> <p>Frá síðasta mati, 2/1/1943, hefur húsið verið stækkað, efni asbest á timburgrind. Í viðb. er 1 íbúðarherb., v.s. /m handl. og vinnustofa, eldri hluti er óbr. Allt málað á gólfum er fura, einnig í hurðum. Loft er yfir vinnustofu og er 1 íbúðarherb. þar. Tvöfalt gler í viðb. Á eldra húsinu hefur þak verið byggt að nýju, var áður flatt, en er nú með risi. Þak klætt bárujárni.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 10.65 m., br. 8.80 m., h. 3.5 m.</p> <p>L. 12.75 m., br. 5.25 m., h. 5.1 m. = 669.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....</p>	
	kr. 2.007.000.-

Gata og númer:

Múlavvegur, Reykjavör. (Pvbl. 7.)

Möt framkvæmd: 23/6/1923.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarbær, úr grásteini, með járnþaki á borðasúð á 6,3 m. af lengdinni, en hinn hluti hússins er heygeymsla, með járnþaki á langböndum. Kvistur er á vesturhlíð bæjarins. Í norðurenda er 1 íbúðarherbergi, gangur og eldhús. Allt þiljað og málað. Milli sperra er stoppað með mosa. Undir íbúðinni er kjallari. Í suðurenda er heygeymsla í einu lagi frá kjallaragólfi til mænis. Stærð: L. 10.0 m. br. 6.9 m. h. 1.7 m. ris 1.5 m. kjh. 1.7 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	4.954.-
<p>b. Fjós er við austurgöfl litra a, úr grásteini með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar eru 2 timburbásar.</p>	
Stærð: L. 5.0 m. br. 3.3 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Fjósið er virt á.....	655.-
Santals	5.609.- <sup>v</sup>

Gata og númer:

Mýrargata 3/10

Möt framkvæmd: (22/9/1923) 28/9/1971.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf er í bitalögum. Í hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Hann er hólfaður í sundur í geymslur.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 5.7 m. ris 1.5 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 1.9 m. h. 5.3 m. skáþak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngöngu- og geymsluskúr er við austurgöfl hússins, byggður eins og það. Kjallari er undir honum hálfum. Í skúrnum eru 2 geymsluklefar og gangur.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 6.1 m. h. 3.1 m. skáþak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>18.242.-<sup>V</sup></p>
<p><u>Virt:28/9/1971.</u></p> <p>Endurmetið til lækkunar, vegna verðyrnunar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: íbúð L. 7.5 m., br. 6.3 m., h. 5.7 m., ris 1.5 m., kj. 2.2 m.</p> <p>" inng. L. 2.5 m., br. 1.9 m., h. 5.3 m., ris skáþ. kj. 2.2 m.</p> <p>" ðó + geymsla 1.9 m., br. 6.1 m., h. 3.1 m., ris skáþ. kj. 2.1 m. = 490 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.</p>	<p>1.470.000.-</p>

Gata og númer:

Mýrargata 14

Möt framkvæmd: 28/9/1918. 28/9/1971	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í útveggi er fyllt með sagspónum og marhálmi og milligólf er í neðra bitalagi. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og framloft, allt þiljað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. (Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og framloft, allt þiljað og málað.) Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað, veggfóðrað og málað. Trégólf er yfir steinsteypugólfinu.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. ris 2.2 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.2 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>14.089.-/</p>
<p>Virt: 28/9/1971.</p> <p>Endurmetið til lækkunar, vegna verðryrnunar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: íbúð L. 6.9 m., br. 6.3 m., h. 3.1 m., ris 2.2 m., kj. 2.5 m.</p> <p>" inng. L. 2.5 m., br. 2.2 m., h. 2.5 m., ris skáp. kj. 2.5 m. = 319 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á ..... kr.</p>	<p>1.053.000.-</p>

Gata og númer:

Mýrargata 9/16

Möt framkvæmd: (21/10/1928.) 15/3 1957.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járn. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. 2 loft eru úr járnþentri steinsteypu, en allir skilveggir hússins og kjallara-gólf er úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í þaklyfti er þvottaherbergi og þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu. Í honum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og anddyri. Þetta allt er með samskonar frágangi eins og er í aðal hæð hússins. Auk þessa eru 2 geymsluherbergi í kjallaranum. Húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 8.3 m. h. 2.9 m. ris 3.3 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	<p>22.674.-<sup>v</sup></p>
<p><u>Virt 15/3 1957.</u></p> <p>Húsið hefur tekið þeirri breytingu, frá síðasta mati 21/10 1928, að í þakhæðina hafa verið settir tveir gluggakvistir. Þar eru nú 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og handlaug. Gangurinn hefur verið stækkaður. Þvottaherbergi hafur einnig verið stækkað og í því hefur verið komið fyrir kerlaug. - Allt málað og dúklagt. Málligerðir úr timbri, klæddar gipsonitplötum.</p> <p>1. hæð og kjallari eru að öllu leyti óbreytt frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 8.2 m. Br. 8.3 m. H. 2.9 m. Ris 3.3 m. Kj. 2.6 m. = 483.23 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr. 343.000.00</p>	<p>343.000.00</p>

Gata og númer:

Mýrargata 9a. 18

Möt framkvæmd: (11/7/1924.) (20/5/1961) 28/9/1971	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á suðurgafli og þaki, en norðurgaflinn og hliðarnar eru ójárnvarðar. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 4.5 m. h. 2.7 m. ris 0.8 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.0 m. br. 1.6 m. h. 2.3 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum. Í honum er timburgólf og veggir sementssléttaðir utan og innan.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	<p>3.035.-</p> <p>1.650.-</p> <p>Samtals 4.685.-<sup>v</sup></p>
<hr/>	
<p><u>Virt 20/5. 1961.</u></p> <p>Húsið er 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, allt bárujárnklætt utan og með bárujárni á þaki. Upphitun er hitaveita.</p> <p>Á 1. hæð eru nú 2 íbúðarherbergi, eldhús með nýrri innréttingu, v. s. og handlaug hefur verið sett í inngönguskúr. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru ýmist úr harðviði eða málaðar. Nýir gluggar með einföldu gleri hafa verið settir í húsið.</p> <p>Rishæð er óinnréttuð geymsla.</p> <p>Kjallari er ósundurhólfuð geymsla.</p> <p>Bílskúr, sem var á lóðinni hefur verið rifinn og fellur hann úr tryggingu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 5.0 m., br. 4.5 m., h. 2.7 m., ris 0.8 m.</p> <p>" 2.0 " " 1.6 " " 2.3 " skápak = 77.10 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á .....</p>	<p>kr. 92.500.-</p>
<p><u>Virt:28/9/1971.</u></p> <p>Endurmetið til lækkunar, vegna vermætarýrnunar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: íbúð L. 5.0 m., br. 4.5 m., h. 2.7 m., ris 0.8 m.</p> <p>" inng. L. 2.0 m., br. 1.6 m., h. 2.3 m., ris skp. = 77.00 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....</p>	<p>kr. 246.000.-</p>



Gata og númer: MÝRARGATA 22

Möt framkvæmd: 27.02. 1979	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðar- og verkstæðishús úr steinsteypu og timbri, einangrað með plasti og steinull, klætt með timbri, vatnsh., með bárujárnsþaki. Húsið er 1 hæð.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, 1 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherb. með steypu, v.s. og handl. Húsið er allt málað og með parketi og timburgólfum. Tvöfalt gler er að hluta. Hurðir eru bæði úr harðviði og málaðar. Á hæðinni er einnig verkstæði og geymsla.</p> <p><u>Stærð hússins:</u> L. 13,00, br. 8,50 m., h. 3,30 m. Samtals 365 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á .....</p>	<p>14.600.000,00</p>

Gata og númer:

Mýrargata. (Skipasmíðastöð)

Möt framkvæmd: 21/3/1932.	Metið kr.
<p>a. Bátasmíðahús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum á veggjum og með járnri þar yfir á 2 hliðum. Þak er úr járnri á langböndum. Húsið er ósundurhólfað og með timburgólfi.</p> <p>Stærð: L. 25.1 m. br. 12.6 m. h. 5.0 m. ris 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>14.727.- 138300</p>
<p>b. Geymslu- og vélaskúr er við suðurgafli litra a, úr bindingi, klæddur utan steinhleðslu á 2 vegu, en borðum, pappa og járnri á 2 hliðar og þaki. Í skúrnum er steinsteypugólf. Þar er geymsluklefi og motorklefi. Skilveggur er úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 12.6 m. br. 2.2 m. h. 2.7 m. skáþak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	<p>900.- 8600-</p>
<p>c. Véla- og skrifstofuhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járnri á veggjum og þaki. Í aðri hæðinni er vélaherbergi, en í efri hæðinni eru 2 skrifstofuherbergi og gangur. Þar uppi er allt þiljað, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 4.7 m. h. 4.9 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>4.600.- 51100-</p>
<p>d. Járnsmíðja, er byggð á sömu lóð, úr bindingi, klædd utan járnri á langböndum, bæði veggir og þak.</p> <p>Stærð: L. 7.6 m. br. 5.1 m. h. 2.9 m. skáþak.</p> <p>Smíðjan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>2.104.- 20.000-</p>
<p>e. Bátasmíðahús, einlyft, með sléttu þaki og kjallara, úr steinsteypu, með steinsteypuþaki, er hvíllir á 3 burðarbitum, með jafnmörgum stöðum ndir, allt úr járnþentri steinsteypu. Að innan er húsið holufyllt og kústað, en múrsléttað utan. Húsið er ósundurhólfað.</p> <p>Stærð: L. 18.9 m. br. 7.2 m. h. 3.7 m. skáþak, kjh. 3.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>160.500- 14.935.-</p>
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>37.266.-<sup>v</sup></p>

Gata og númer: Mýrargata, Stálsmiðjan h/f

Möt framkvæmd: 30/6/66	Metið kr.
<p>Ný plötusmiðja. Byggð ú steinsteypu, og stálgrind. Einangrað með plasti. Húsið er klætt bárujárni. Þakið er timbur, pappi og bárujárni. Ris. Engin upphitun. Innrétting: Ósundurhólfaðar geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 40,00m., Br. 27,5m., H. 12,00 m.,                      = 14.784 m<sup>3</sup></p> <p>L 11,00m., Br. 12,00m., H. 12,00m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.</p>	<p>2.957.000.-</p>

Gata og númer:

Meyragata Egisgata. (Slippfélagið h.f.)

Möt framkvæmd: (1/10/1943.) 24/11/1947.	Metið kr.
<p>Geymslu- og trésmíðahús, einlyft, með risi og kjallara undir nokkrum hluta þess. Það er byggt úr bindingi, klætt utan með járn á langböndum, bæði veggir og þak. Þiljað er innan á útveggi og þaksperrur. Steinsteypu-grunnur er undir húsinu. Það er hólfæð í tvennt, timburgeymslu og trésmíðahús. Í kjallara er steinsteypugólf, þar niðri er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 28.0 m. br. 14.0 m. h. 2.6 m. ris 1.8 m.</p> <p>Kj.st: L. 12.3 m. br. 7.2 m. h. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>135.920.-</p>
<p>=====</p>	
<p>24/11/1947.</p> <p>Trésmíðahús, byggt úr timbri í sömu stærðum og áður, aljárnvarið, þiljað innan á útveggi og þaksperrur, steinsteypur grunnur er undir því, en ekki kjallari.</p> <p>Stærð hússins : L <sup>28.0</sup><del>28.0</del> m., br. 14.0 m., h. 2.6 m., ris 1.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	<p>164.600.-</p>
<p>=====</p>	

Gata og númer: Hús við Mýrargötu á lóð Slippfélagsins

Möt framkvæmd: 30/6 1954	Metið kr.
<p>Nýtt geymsluhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, skarsúðað, þétt asbest-klæðning upp að þaki, óeinangrað og með þaki úr timbri, (pappa) og bárujárni. Það er ósundurhólfað og með malargólfi:</p> <p>Stærð hússins : L. 36.7 m. Br. 8.9 m. H. 3.0 m. ris 1.5 m. = 1241.19 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á .....kr. <u>372.400.00</u></p> <p style="text-align: right;">Kr. <u>372.400.00</u></p>	

Gata og númer:

Mýrargata. (Slippfélagið h/f)

Möt framkvæmd: 1/10/1943.	Metið kr.
<p>a. Verzlunar- og skrifstofhús, þrilyft, með risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og steinskífu. Allir stiga og loft eru úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á og allar 3 aðal hæðirnar eru múrsléttaðar og málaðar innan. Í neðstu hæðinni eru afgreiðslu- og sölubúð, 2 geymsluherbergi, verkstjórahherbergi, v.s., 2 gangar, anddyri og stigagangur. Í miðhæðinni eru nokkur geymsluherbergi, v.s., anddyri og gangur. Í þriðju hæðinni eru 3 skrifstofur, teiknistofa, biðstofa, fataklefi, eldfastur bóka- og skjalaskápur, v.s., snyrti, forstofa og anddyri. Í kjallaranum er borðastofa, 3 geymsluherbergi, snyrtistofa, 3 v.s., fataklefi, miðstöðvarherbergi og anddyri með stigagangi. Veggpallur er á húsinu. Framhlið þess er múrhúðuð utan með skeljasandi, en bakhlið þess er múrsléttuð utan. Linoleumdúkar eru á gólfum, en terrassoyfirsteypa á stigatröppur og pöllum.</p>	
Stærð: Meðall. 13.5 m. br. 10.7 m. h. 11.5 m. ris 1.4 m. kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	319.650.-
<p>b. Timburgeymsluhús, úr steinsteypu með jarnþaki á pappa og borðasúð. Húsið er tvílyft með risi. Loft er úr járnbentri steinsteypu, sem og burðarbiti og 6 stoðir undir honum eftir endilöngu húsinu. Gólf er úr steinsteypu. Þaksperrur og risbindingur er úr timbri með styrktarjárnnum. Hvorug hæðin er sundurhólfuð, að öðru leyti en því, er snertir anddyri neðri hæðarinnar og smáskrifstofu, sem er affiljuð í 1 horni efri hæðarinnar. Útveggir eru kústaðir innan. Framhliðin er múrhúðuð, utan með skeljasandi, en bakhlið er múrsléttuð. Slitlag er á gólfum.</p>	
Stærð: L. 30.5 m. br. 13.0 m. h. 6.8 m. ris 1.8 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	323.400.-
<p>c. Véla- og smíðahús, tvílyft, með risi, byggt að öllum ytri frágangi eins og húsið hér að framan. Útveggir eru einfaldir, múrsléttaðir og hvíttáðir innan. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu. Í kjallaranum eru 3 burðarbitar undir loftinu, sem hvíla á 15 stoðum. Undir efra lofti er 1 biti með 4 stoðum. Bitar og stoðir eru úr járnbentri steinsteypu. Í neðri hæðinni er 1 stór vélasalur. Þar er timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Í efri hæðinni er vélaherbergi, trésmíðastofa, timburgeymsla og gangur.</p>	
Stærð: Meðall. 18.0 m. br. 13.0 m. h. 6.8 m. ris 1.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	282.320.-
Flyt	925.370.-

Gata og númer:

Mýrargata, Haukshús.

Möt framkvæmd: (28/8/1944.) 24/7/1953.	Metið kr.
<p>a. Véla- og geymsluhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og með asbestpaki. Allt þiljað. Þar eru geymsla, kaffistofa og ljósavélastöð. Í rishæðinni er geymsla. Steinsteypugólf er í öllu húsinu.</p> <p>Stærð: L. 25.1 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	17.000.-
<p>b. Geymsluhús, tvílyft, með risi, úr steinsteypu, sementssléttað utan og innan og með járnþaki á plægðri borðasúð, pappa, listum og járni. Í húsinu er 1 loft úr járnþentri steinsteypu, en gólf neðri hæðarinnar og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. 2 dregarar undir 14 steiptum bitum, hvíla á 10 stöðum. Bitar, dregarar og stödir eru úr járnþentri steinsteypu. Neðri hæð hússins er ósundurhólfuð. Efri hæðin er hólfuð í sundur í lýsisgeymsluherbergi. Innan á útveggjum hennar eru þiljur. Stigar eru allir úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 30.0 m. br. 17.1 m. h. 7.5 m. ris 2.2 m.</p>	
<p>c. Við suðurhlíð hússins litr b, er viðbygging með steinsteypuþaki, að öðru leyti byggð eins og það hús. Þar er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 7.8 m. br. 6.5 m. h. 7.2 m. skáþak.</p>	
<p>d. Við suðurgafli litra c, er einlyft viðbygging með steinsteypuþaki, notuð til geymslu.</p> <p>Stærð: L. 17.0 m. br. 6.5 m. h. 5.0 m. skáþak.</p>	
<p>e. Viðbygging er úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í henni er steinsteypugólf, skilveggir og loft. Í neðri hæðinni er ketilhús og kolageymsla. Í efri hæðinni er afþiljaður skrifstofuklefi fyrir afgreiðslumann. Að öðru leyti er þar geymsla. Húsið er múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 7.8 m. h. 6.9 m. skáþak.</p> <p>Litra b, c, d, e, ásamt tilheyrandi eru virt á.....</p>	523.000.-
<p>f. Geymsluskúr, úr járni á langböndum.</p> <p>Stærð: L. 20.0 m. br. 9.0 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	8.800.-
	Samtals 548.800.-

Virt 24/7/1953.

Húsin eru óbreytt að stærðum frá síðasta mati 28. ágúst 1944, en ný skrifstofuviðbygging hefir verið smíðuð yfir port, 1 hæð, úr steinsteypu, slétthúðuð utan, klædd innan steinull og vikri og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni, stoppuðu m/steinull. Á hæðinni eru 6 skrifstofur, gangur

Gata og númer: .....

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr.
m/ 20 föstum skápum m/hillum, forstofa, ræstiklefi, allt masonitklætt innan, loft máluð, harðviðarspæmir á veggjum í 1.8 m hæð, gólf dúklögð. í stafl. A. hefir verið komið fyrir 4 steypiböðum, 70 föstum skápum tvöföldum fyrir verkamannafatnaði, 6 handlaugum m/4 krönum í hverri; ennfremur hefir loft og veggir verið pússaðir og panelklætt í norðurenda í kjallara hefir verið settar festing og hitalögn, þar er hvíttað.	
A. Geymsla o. fl. : L 29.3 br. 17.2 h. 3.2 ris 2.2 kj. 3.8 = 4082.07 m <sup>3</sup> Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	1.347.100.00
B. Kjallari : L 28.2 br. 8.0 h. 3.8 = 857.28 m <sup>3</sup> Kjallarinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	300.000.00
C. Inngangur : L 6.9 br. 8.0 h. 3.0 skápak = 165.60 m <sup>3</sup> Inngangurinn, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	54.600.00
D. Ný skrifst.b. : L 21.3 br. 8.0 h. 3.0 skápak = 511.20 m <sup>3</sup> Skrifstofubyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	306.700.00
E. Kjallari : L 17.0 br. 6.8 h. 2.8 flatt pak = 323.68 m <sup>3</sup> Kjallarinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	80.900.00
F. Kaffistofa o. fl.: L 10.8 br. 6.4 h. 2.8 ris 1.2 = 235.00 m <sup>3</sup>	
" Viðbygging : L 5.5 br. 4.6 h. 3.0 skápak = 75.90 m <sup>3</sup> Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	65.300.00
<u>Samtals krónur</u>	<u>2.154.600.00</u> ✓



Gata og númer:

Mýrargata, Ánanaust e.

Möt framkvæmd:	21/6/1929. 28/9/1971	Metið kr.
a.	Íbúðarhús, úr bindingi, með pappa í, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í aðalnesðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt bilgö innan og neðan á loftbita, lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjálari er undir húsinu. Þar er þvottahús og geymsla. Stærð: L. 9.3 m. br. 4.4 m. h. 2.5 m. ris 1.0 m. kjh. 1.8 m. Inngönguskúr er byggður við húsið, úr sama efni og með sama frágangi og það. Stærð: L. 3.5 m. br. 1.6 m. h. 2.4 m. skápak. Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	8.395.-
b.	Geymsluskúr, úr timbri, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Stærð: L. 4.0 m. br. 3.3 m. h. 2.6 m. ris 0.5 m. Skúrin er virtur á.....	740.-
	Samtals	9.135.✓
<hr/>		
Virt: 28/9/1971.		
Endurmetið til lækunar, vegna verðryrnunar.		
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri af sænskri gerð, klætt utan timbri, fððrað innan með kramfuruplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., ytri og innri forstofa. Þakhæð er ónothaf. Kjallari óinnréttaður með kolamiðstöð.</p> <p>Stærð hússins: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á krónur.....</p>	<p><u>144.300.-</u></p>
<p>Virt 24/5/1949.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 28. sept. 1948, að öðru leyti en því að kjallari þess hefir nú verið innréttaður og eru þar 2 íbúðarherbergi eldhús, v.s. m/handlaug, anddyri, innri forstofaog 2 fastir skápar, herbergin strigalögð, hitt múrhúðað og málað, allt dúklagt ennfremur þvottahús m/kolamiðstöð og 2 geymslur.</p> <p>Ibúðarhús: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>Krónur 158.700.-</u></p>

Gata og númer:

Nesvegur 47.

Möt framkvæmd: 15/5/1946.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og asbesti. Stigar eru úr timbri, en 2 loft eru úr steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, gangur og stigagangur, allt múrhúðað og málað og gólf dúklögð. Í risi eru 3 herbergi og gangur. Þar eru skilrúm úr timbri, klætt trétexti á loft og vegg og límdur á veggjapappír. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi með sama frágangi og í aðalhæðinni, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, geymsla, gangur og v.s. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð: L. 9.2 m. br. 8.0 m. h. 2.7 m. ris 3.0 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	
	122.500.-
	<u>259.100.-</u>
<p style="text-align: center;"><i>Nú gjöldandi brunabótarmat</i></p>	



Möt framkvæmd: 31/1/1949.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri af sænskri A-gerð, á steinsteypnan kjallara, klætt utan standandi timburklæðningu, fóðrað innan glerull og timbri og með þaki úr timbri og pappa. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og innri forstofa, 7 fastir skápar allt veggfóðrað og málað og parkett-gólf alls staðar, nema í eldhúsi og baðherbergi eru dúkar. Þakhæðin er óinnréttuð og ónothæf. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri undir útitröppum innri forstofa og 4 fastir skápar, allt veggfóðrað, málað og dúklagt, ennfr. 2 geymslur og þvottahús með kolamiðstöð.</p> <p>Stærð hússins: L 11.9 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kj. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....<u>krónur</u> <u>167.700.-</u> ✓</p>	

Gata og númer:

Nesvegur 49.

Möt framkvæmd: 13/4/1946.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og asbesti. 2 loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur. Í aðalhäðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, v.s., anddyri og stiga-gangur, allt múrhuðað og málað. Í rishæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/keri og v.s. og fastur skápur. Þar er allt, loft og veggir klætt trétexi og panelpappa og olíumálað. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi m/sama frágangi og í aðalhäðinni, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og geymsla. Stórar steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim geymsla. Húsið er húðað utan með skeljasandi.

Stærð: L. 9.4 m. br. 8.0 m. h. 2.8 m. ris 4.2 m. kjh. 2.4 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

148.200.-

Virt 24/4 1981.

Bílskúr, byggður úr steinsteypu.

Stærðir eru: 60 m<sup>3</sup>.

Bílskúrin, ásamt tilheyrandi er virt á .....

kr. 34.800

Gata og númer:

Nesvegur 50

Möt framkvæmd: 28/9/1948.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri af sænskri gerð, klætt utan timbri, fððrað innan kramfuruplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. A hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., ytri og innri forstofa. Þakhæð er ónothæf. Kjallari m/olíumiðstöð óinnréttaður.</p> <p>Stærð hússins: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á krónur.....</p>	<p><u>144.300.-</u></p>
<p>Virt 24/4 1981.</p> <p>Bílskúr, byggður úr holsteini.</p> <p>Stærðir eru: 86 m<sup>3</sup>.</p> <p>Bílskúrinn, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.</p>	<p><u>45.580</u></p>

Möt framkvæmd: (20/12/1946.) 5/9/1953.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, valmaris og kjallari, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og bárujárni, 2 loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir úr venjulegri steinsteypu, að undanskildum skilveggjabútum. Innan á útveggjum eru vikurplötur. I hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, snyrtiherbergi m/baðkeri og v.s., anddyri, gangur, stigagangur og fastir skápar, allt múrhuðað og olíumálað. I risi er þiljað með trétexi á veggi og loft. Þar eru 2 íbúðarherbergi, ýmist maluð eða veggfóðruð. I kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, snyrtiherbergi m/kerlaug og v.s., anddyri og gangur, allt með sama frágangi og er í aðalhæðinni, auk þess þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi. Húdir tröppum er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 9.8 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Útskot: L. 5.7 m. br. 1.3 m. h. 2.8 m. ris 0.6 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið með útskoti og tilheyrandi, er virt á..... 212.400.-</p> <p>b. Bifreiðaskúr, allur úr steinsteypu, er áfastur við húsið, en þó aðskilinn. Hann er einangraður með vikurplötum.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 6.5 m. h. 2.5 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 9.200.-</p> <p style="text-align: right;">Samtals 221.600.-</p>	
<p><u>Virt 5/9/1953.</u></p> <p>Húsið er að því leyti breytt frá síðasta mati 20. desember 1946, að á það hafa verið byggðir 4 nýir kvistir úr timbri, texklæddir innan og klæddir bárujárni á hliðum og þaki. Á þak hæð eru nú 3 íbúðarherbergi, snyrtiherbergi m/v.s. og gangur, allt málað og dúklagt; ennfremur geymsla. Annað óbreytt.</p> <p>A. Íbúðarhús: L 10.0 br. 9.8 h. 2.8 ris 2.8 kj. 2.6 = 666.40 m<sup>3</sup></p> <p>" Útskot : L 5.7 br. 1.3 h. 2.8 ris 0.6 kj. 2.6 = 42.24 m<sup>3</sup></p> <p style="text-align: right;">708.64 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á..... 446.400.00</p> <p>B. Bílskúr : L 3.5 br. 6.5 h. 2.5 = 56.88 m<sup>3</sup></p> <p>Bílskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 17.100.00</p> <p style="text-align: right;">Samtals krónur 463.500.00</p>	

Möt framkvæmd: 13/6/1952.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri á steinsteiptan kjallara, af sænskri gerð, timburklætt utan, klætt innan fiber á hæðinni en vikurplötum í kjallara og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 7 fastir skápar, allt málað og dúklagt. Þakhæð lítt nothæf. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri ódúklagt, innri forstofa, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús og 2 geymslur, múrhúðað.

Stærð hússins: L 11.9 br. 7.1 h. 3.0 ris 1.6 kj. 2.4 = 523.83 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

293.300.00 ✓

Nesvegur 53

Gata og númer:

Kaplaskjólsvegur, Leif'sstaðir.

Möt framkvæmd: 1/8/1924.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steiptum holsteini og með járnbaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalherð hússins eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Þiljað er einnig neðan á loftbita og allir veggir og loft hússins eru lagðir striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. <u>Geymslukjallari er undir hálfu húsinu.</u></p> <p>Stærð: L. 6.8 m. br. 6.2 m. h. 2.7 m. ris 2.0 m.  Kfst: L. 3.4 m. br. 6.2 m. h. 1.5 m.  Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>6.139.-<sup>✓</sup></p>
<p>Virt 24/4 1981.</p> <p>Geymsla, byggð úr timbri.</p> <p>Stærðir eru: 24 m<sup>3</sup>.</p> <p>Geymslan, ásamt tilheyrnadi er virt á .....</p>	<p>kr. 7.200</p>

Gata og númer:

N e s v e g u r 54.

Möt framkvæmd: 28/9/1948.

Metið kr.

Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af sænskri gerð, klætt utan timbri, fóðrað innan kramfuruplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., ytri og innri forstofa. Þakhæðin er ónothæf. Kjallari er óinnréttaður, en með <sup>slú-</sup>kolamiðstöð.

Stærð hússins: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á krónur.....

144.300.-

Nesvegur 53

Brunabóta nr. 1847.

Gata og númer:

Kaplasaskjólisvegur, Hóll 1.

Möt framkvæmd: 6/6/1944.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, í bæjarstíl, úr hlöðnum, höggnum grásteini upp að risstöfnum, sem eru úr binding, klæddir utan borðum, pappa og jární. Pak er úr borðasúð, pappa og jární. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, þiljað er innan á útveggi og skarsúð er á baksperrum. Timburgólf er í húsinu. Kjallari til geymslu er undir öllu húsinu.</p>	
Stærð: L. 8.0 m. br. 4.4 m. h. 1.3 m. ris 2.0 m. kjh. 1.7 m.	
Inngöngu- og geymsluskúr er við austurhlöð hússins, byggður úr binding, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á langböndum.	
Stærð: L. 4.4 m. br. 2.5 m. h. 2.0 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	24.200.-
b. Geymsluskúr, á sömu lóð, úr bindingi, klæddur utan borðum og rimlum og með pappabaki á borðasúð. Þar er geymsluherbergi og þurkhjallur.	
Stærð: L. 5.4 m. br. 2.5 m. h. 2.1 m.	
Skúrinn er virtur á.....	1.000.-
<b>Samtals</b>	<b>25.200.-<sup>v</sup></b>
<hr/>	
<u>Virt: 19/11 1975.</u>	
Frá síðasta mati hefur húsið verið endurnýjað.	
Ný rafmagnslögn lagt í húsið allt árið 1969. Viðarklæðning sett á húsið og er hún negld á trégrind yfir bárujárn 1969.	
Ný skolplögn undir gólfi á baði og eldhúsi 1972. Eldhús standsett, settur birkikrossviður á trégólf og korkflísar. Lagða postulínsflísar á bað og skipt um gólf, vaskur og nýtt v.s. Í svefnherbergi hefur verið skipt um ofn og sett harmonikuhurð. 1973.	
Standsett, steypt gólf, rifnir milliveggir og smíðaðir klæðaskápar.	
Sett heitt og kalt vatn í bílskúr 1972.	
Stærð hússins:	
A. L. 8.0 m., Br. 4.4 m., H. 1.3 m., Ris. 2.0 m., Kj. 1.7 m.	
L. 2.5 m., Br. 4.4 m., H. 2.0 m.,	= 163m <sup>3</sup> 1.304.000.-
B. L. 5.4 m., Br. 2.5 m., H. 2.1 m.	= 28m <sup>3</sup> 33.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	kr. 1.337.000.-



Möt framkvæmd: 12/4/1949.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af samskri A-gerð, steinsteyptur kjallari, klætt utan standandi timburklæðningu, klætt innan einangrunarplötum og trétexi, sumstaðar masonit og með þaki úr timbri, pappa og bárujárn. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa og 7 fastir skápar, allt veggfóðrað, loft fiberlögð og máluð og parkettgólf, nema í eldhúsi er dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara er óinnréttuð, þar er olfumiðstöð.</p> <p>Stærð hússins: L 11.9 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kj. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>157.100.-</u> ✓</p>

Gata og númer: VINDÁS v/ NESVEG

Möt framkvæmd: 30/9/1960.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, ein hæð og kjallari undir 1/3 hluta hússins, hlaðið úr hraunsteini, einangrað með korki, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.

Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherbergi með kerlaug, v. s. og handlaug og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr eik og tvöfalt gler er í gluggum.

Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi með olíukyndingarkatli og ein geymsla.

Stærð hússins:

L. 11.39 m, br. 10.12 m, h. 2.65 m, ris 1.45 m

" 3.65 " " 12.15 "

kj. 2.6 m = 507.36 m<sup>3</sup>

Húsið með tilheyrandi er metið þá.....kr.

502.200.-



Gata og númer:

Nesvegur 58

Möt framkvæmd: 6/11/1948.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri á steinsteypant kjallara, skilrúm úr timbri, timburklætt utan, en innan klætt glerull og timbri og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., anddyri, forstofa og 5 fastir skápar, íbúðarherbergin veggfóðruð í hólf og gólf, hitt allt <sup>málað</sup> ~~klætt~~, parkett á gólfum, nema timburgólf í eldhúsi, baði og ytri forstofu. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. I kjallara eru 1 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., innri gangur, ýmist veggfóðrað eða málað, trégólf, ennfremur þvottahús m/kolamiðstöð, gangur, smá og stór geymsla, allt timburklætt og á að mörhúðast. Stærð hússins: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur. 151.600,-

Virt 24/4 1981.

Bílskúr, byggður úr steinsteypu.

Stærðir eru: 80 m<sup>3</sup>.Bílskúrin, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr. 46.400

Möt framkvæmd: 31/5 1956.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris m/kvisti og 2 kvistgluggum og kjallari, byggt úr steinsteypu, múrhúðað utan, korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. - Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, og búr, baðherb. m/keri, v. s. og handlaug, anddyri og skáli, 5 innb. skápar, harðviðarhurðir og karmar, annars allt málað og allt dúklagt, veggvalir m/stiga. Á þakhæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, 3 innb. skápar, stiga-hús og skáli, allt málað og dúklagt, margir smáskápar undir súð, linoleumdúkur á stiga, veggvalir. - Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, anddyri, stigahús, skáli, 4 innb. skápar, allt málað og dúklagt, ennfr. þvotta húsið m/olíumiðstöð, sorpgeymsla og geymsla undir stiga og útitröppum.</p> <p>Stærð hússins : L. 8.20 m. Br. 10.8 m. H. 2.65 m. ris 4.85 m. kj. 2.6 m.</p> <p>" útskots : L. 3.20 m. Br. 9.5 m. H. 2.65 m. ris 4.85 m. kj. 2.6 m.</p> <p style="text-align: right;">Alls 916.00 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með útskoti og tilheyrandi, er metið á . . . . . kr. 639.500.00</p>	
<p>77</p> <p><u>Virt:31/12.1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati er búið að endurbæta húsið, nýtt eldhús, búið að brjóta niður vegg, nýir dúkar settir á gólf, rafmagnslagnir nýjar á annari hæð. Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða 916 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr 1.190.800.-</p>	

Möt framkvæmd: 12/4/1949.

Metið kr.

Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af samskrifri A-gerð, steinsteypdur kjallari, klætt utan standandi timburklæðningu, klætt innan eins og önnur hús af sömu gerð og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri innri forstofa og 7 fastir skápar, 1 herbergi málað, hitt veggfóðrað, eikar-parkett á gólfum, nema dúklagt eldhúsiðgólfið annað. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, allt múrhúðað og á að málást, dúklagt, ennfremur þvottahús m/<sup>olíumíðstöð</sup> kolemíðstöð og geymsla, undir útitröppum á að koma geymsla. Stærð hússins: L 11.9 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kj. 2.4 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

167.700.-v

Nesvegur 51

Brunabóta nr. 646

Gata og númer:

Kaplasakjólsvegur, Sólbakki.

Möt framkvæmd: 1/10/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri þar yfir, á veggjum og þaki. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Geymslukjallari er undir öllu húsinu. Stærð: L. 6.3 m. br. 5.0 m. h. 1.7 m. ris 1.9 m. kjh. 1.8 m.</p>	
<p>Inngönguskúr, byggður eins og húsið. Í honum er gangur, 2 geymsluklefar og búr. Allt þiljað innan og málað.</p>	
<p>Stærð: L. 3.1 m. br. 3.2 m. h. 3.0 m. skáþak. Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	20.110.-
<p>b. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa á 2 vegu, en borðarimlum á 2 vegu, með þaki úr borðum og pappa.</p>	
<p>Stærð: L. 7.6 m. br. 3.2 m. h. 2.1 m. skáþak. Skúrinn er virtur á.....</p>	3.240.-
<p>c. Hestahús og fuglahús, úr bindingi, klætt utan með borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Allt þiljað innan og neðan á þakbita og stoppað er með sagspónum. Gólf er úr steinsteypu. Húsið er hólfað í tvennt, með tréskilvegg.</p>	
<p>Stærð: L. 13.5 m. br. 3.2 m. h. 2.2 m. skáþak. Skúrinn er virtur á.....</p>	4.750.-
<p>d. Heyhlaða, úr bindingi, klædd utan með járnri á langböndum, nema önnur hliðin, sem er með borðaklæðningu undir járninu.</p>	
<p>Stærð: L. 7.8 m. br. 4.3 m. h. 3.4 m. ris 1.2 m. Hlaðan er virt á.....</p>	6.700.-
	<p style="text-align: right;">Santals 34.800.- ✓</p>

Möt framkvæmd: (28/9/1948) 24/5/1949.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara, af sænskri gerð, <sup>og beviðjætti á veggjum</sup> klætt utan timbri, fððrað innan kramfuruplötum og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. m/handlaug, ytri og innri forstofa, 3 skápasamstæður, eldhúsið og forstofur olfumálað, hitt veggfððrað, parkettgólf, nema í eldhúsi. Þakhæð er óinnréttuð. Í kjallara er geymsla og kolamiðstöðvarherbergi og þvottahús, allt ófullgert.</p> <p>Stærð hússins: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....<u>Krónur 144.300.-</u></p>	
Virt 24/5/1949.	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 28. sept. 1948 að öðru leyti en því, að kjallari þess hefir nú verið innréttuður og eru þar 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. m/handlaug undir stiga, anddyri, innri forstofa og 2 fastir skápar, allt múrhúðað og dúklagt, ennfremur olfumiðstöð. í óinnréttuðri geymslu, geymsla við stiga og undir útitröppum. Korkeinangrun er á útveggjum kjallarans.</p> <p>Íbúðarhús: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....<u>Krónur 158.700.-</u></p>	



Möt framkvæmd: 31/1/1962.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, byggt úr steinateggu, einangrað með korki, slétthúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.</p> <p>Á 1. hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði. 1 svalir.</p> <p>Á rishæð er stigahús, forstofa, 5 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði. 1 svalir.</p> <p>Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði. Ennfremur er í kjallara þvottahús, kyndiklefi og 5 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.9 m., br. 11.46 m., h. 5.8 m. kjh. 2.6 m. = 1145.50 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er virt á ..... kr.</p>	<p>1.455.000.-</p>

Nesvegur 65.63

Gata og númer:

~~(Kaplaskjólavegur, Hrífsaker.)~~

Möt framkvæmd: (21/12/1931.) 22/5/1947	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, með risi og kjallara, úr binding, klætt utan, með plögðum borðum, pappa, listum og járnri bar yfir á veggjum og þaki. Í útveggi er stopp- ap milli þilja, með sagspónum og milligólf er í neðra bitalagi. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 skápar, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 1 íbúðarherbergi og framloft. Allt þiljað með panel og málað. Í kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, þiljað og málað. Auk þessa er þar miðstöðvarklefi, þvottaherbergi, geymsluherbergi. Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. ris 2.4 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið. Stærð: L. 1.6 m. br. 2.2 m. h. 2.5 m. ris 0.8 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>12.572.- v</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21/12/1931.</p> <p>Ibúðarhús: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. ris 2.4 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inng.skúr: L. 1.6 m. br. 2.2 m. h. 2.5 m. ris 0.8 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>69.600.-</p>

Möt framkvæmd: 31/1/1949.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af sænskri C-gerð á steinsteyptan kjallara, klætt utan standandi timburklæðningu, fóðrað innan einangrunarplötum og timbri og með þaki úr timbri og papps. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa fatakrókur og 4 fastir skápar, allt texklætt og veggfóðrað, parkett á öllum gólfum, nema baðherbergis, anddyris og eldhúss, þar dúklagt. Þakhæðin er tæplega nothæf til geymslu. I kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypi-baðherbergi m/v.s., anddyri og innri forstofa, skilrúm eru ymist úr murhúðuðu timbri eða steinsteypt, allt málað og dúklagt, ennfremur þvottahús m/kolamiðstöð og geymslur undir stiga og útitröppum.

Stærð hússins: L 11.9 m. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur 154.000. ✓

Möt framkvæmd: 20/7/1950.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris m/2 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, steyppt skilrúm á hæðinni og í kjallara, óhúðað utan, timburklætt og múrhúðað innan og með þaki úr timbri, pappa og asbestskifu. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fatakrókur og 7 faldur fastur skápur, allt málað og dúklagt. Á þakhæð er forstofa, hitt óinnréttað; ennfremur veggvalir. Í kjallara er þvottahús og olfumiðstöð og stigi, hitt óinnréttað.</p> <p>Stærð hússins: L 12.0 m. br. 10.0 m. h. 2.8 m. ris 4.8 m. kj. 2.7 m.</p> <p>" útskots: L 4.5 m. br. 1.1 m. h. 3.0 m. flatt þak kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>224.000.00</p>
<p><u>Virt :28/8 1981.</u></p> <p>Húsið hefur verið endurmetið til hækkunar. Stærðir hússins eru óbreyttar frá síðasta mati eða 296 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr</p>	<p>340.400.-</p>
<p><u>Virt: 24/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.</p> <p>Skúrinn er byggður úr Holsteini.</p> <p>Stærð skúrsins:</p> <p>B.liður: 101 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.</p>	<p>53.530.-</p>

Möt framkvæmd: 16/1/1950. 22/4/1967	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris m/2 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist úr steypu eða timbri, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., v.s. m/handlaug, anddyri, 2 innri forstofur og 2 fastir skápar, steinsteypdir báðir stigar, allt málað og dúklagt. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og eldunarpláss, 2 v.s., stigahús, 2 innri forstofur, 2 súðarskápar, allt veggfóðrað, sum loftin máluð, allt dúklagt. Þiljað er neðan á skambita, en ónothæft uppi. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, gangur og 2 fastir skápar, allt málað og dúklagt, ennfremur 2 þvottahús m/kola- og olfukötlum, geymsla, skápur undir stiga og geymsla undir útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 13.3 m. br. 10.0 m. h. 2.8 m. ris 3.0 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>344.500.- ✓</p>
<p><u>Virt: 22/4/1967</u></p> <p>Húsið óbreytt frá síðasta mati 16/1/1950, en innréttingar auknar í þakhæð, bílskúr og geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A. L. 13.3 m., br. 10.0 m., h. 2.8 m. 3.0 m. kj. 2.7 m., = 931.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt bílskúr og tilheyrandi, er virt á ..... kr. 2.663.000.-</p>	
<p><u>Virt: 24/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa bílskúr og geymsla verið metin sér frá húsinu. Hvorttveggja er byggt úr holsteini.</p> <p>Stærð bílskúrs:</p> <p>C. liður: 50 m<sup>3</sup>. Skúrinn ásamt tilheyrandi er virtur á kr. 26.500.-</p> <p>Stærð geymslu:</p> <p>B. liður: 21 m<sup>3</sup>. Geymslan ásamt tilheyrandi er virt á kr. 11.130.-</p> <p>Samtals ..... kr. 37.630.-</p>	

Möt framkvæmd: 12/4/1949.

Metið kr.

Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af sænskri A-gerð, steinsteyptur kjallari, klætt utan standandi timburklæðningu og innan einan-grunarplötum og trétexi, sumstaðar masonit og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 8 fastir skápar, allt veggfóðrað, loft striga-lögð og máluð og parkettgólf, nema í eldhúsi er dúklagt. Þakhæðin er óinn-réttuð geymsla. Í kjallara er óinnréttuð, þar er olfumiðstöð.

Stærð hússins: L 11.9 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kj. 2.4 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

157.100.- v

Möt framkvæmd: 28/12/1948	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af sæmskri gerð á steinsteyptan kjallara, klætt utan standandi timburklæðningu lestarlakkaðri, en innan kramfuruplötum, timbri og texti og með þaki úr timbri og pappa. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., anddyri, smáhol og fastir skápar tvöfaldir, allt veggfóðrað og gólf parkettlögð, nema baðherbergi og eldhús eru máluð og dúklögð. Þakhæðin er óinnréttuð. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., anddyri og hol og fastur skápur tvöfaldur, allt múrhúðað, málað og dúklagt, ennfremur þvottahús með olíumiðstöð og 2 geymslur.</p> <p>Stærð hússins: L 11.9 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kj. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur</p>	<p>167.600.-</p>

Möt framkvæmd: 31/1/1949.

Metið kr.

Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af samskri A-gerð, steinsteyptur kjallari, klætt utan standandi timburklæðningu, fóðrað innan einangrunarplötum, timbri og texti og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. A hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 8 fastir skápar, allt veggfóðrað, loft máluð, nema eldhús er allt málað og dúklagt, parkett á öðrum gólfum. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. I kjallara er stór stofa og 2 minni íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., allt veggfóðrað, málað og dúklagt, ennfremur þvottahús, kolamiðstöðvarherbergi og geymsla undir stórum steinsteyptum útitröppum. Stærð hússins: L 11.9 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kj. 2.4 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur 167.700.-<sup>v</sup>

Virt: 24/4 1981.

Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.

Skúrinn er steinsteyptur.

Stærð skúrsins:

B.líður: 83 m<sup>3</sup>

Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr. 48.140.-



Gata og númer: Nesvegur 76

Möt framkvæmd: 17/1/67	Metið kr.						
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem eru 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað. Þakið er plast. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er anddyri, forstofa, skáli, 2 íbúðarherbergi, eldhús og borðkrókur. V.S., handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Tvöföld gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Geymsla og þvottahús á hæðinni.</p> <p>2. hæð: Þar er stigi, forstofa, 7 íbúðarherbergi, baðherbergi með kerlaug, steypa, V.S., handlaug, svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.</p> <p>Bílskúr: Hann er steinsteypdur í hólf og gólf, einangraður.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table data-bbox="427 679 1221 765"> <tr> <td>A</td> <td>L 12,2m., Br. 10,10m., H. 5,70m.,</td> <td>Ris fl. = 707 m<sup>3</sup></td> </tr> <tr> <td>B</td> <td>L 7,1m., Br. 4,0m., H. 2,5m.</td> <td>= 71 m<sup>3</sup></td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.</p>	A	L 12,2m., Br. 10,10m., H. 5,70m.,	Ris fl. = 707 m <sup>3</sup>	B	L 7,1m., Br. 4,0m., H. 2,5m.	= 71 m <sup>3</sup>	<p>2.022.000.00</p> <p>65.000.00</p> <hr/> <p>2.087.000.00</p>
A	L 12,2m., Br. 10,10m., H. 5,70m.,	Ris fl. = 707 m <sup>3</sup>					
B	L 7,1m., Br. 4,0m., H. 2,5m.	= 71 m <sup>3</sup>					

Möt framkvæmd: 6/11/1948.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af sanskri gerð C-gerð, timburklætt utan og málað, fóðrað innan pressuðum ullarplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., anddyri og innri forstofa, og 5 fastir skápar, allt málað og eikarparkett á öllum gólfum, nema í eldhúsi og baðherbergi, þar er dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, herbergin eru veggfóðruð, hitt málað, allt dúklagt, ennfremur þvottahús m/kolamiðstöð, geymsla og geymsla undir stiga og tröppum.

Stærð hússins: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m. kj. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur 151.600.-

Gata og númer: Nesvegur 80

Möt framkvæmd: 18/2/1969 23/7/1971	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er steipt. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er anddyri, gangur, skáli, 5 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi með kerlaug. 2 V.S., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru máluð. Auk þess er 1 þvottaherbergi, 1 geymsla.</p> <p>2. hæð: Þar er stigi, skáli, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, 1 baðherbergi með kerlaug, 1 V.S., 1 handlaug, 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru máluð.</p> <p>Stærð hússins: L 12,00m., Br. 7,5m., H. 5,7m. = 513 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr. 1.702.000.-</p>	
<p><u>Virt:23/7/1971.</u></p> <p>Nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu, einangraður með plasti, múr- húðaður og málaður utan og þakið er steipt. Skúrinn er ósundurhólfaður.</p> <p>Stærð skúrsins: B: L. 7.00 m., br. 3.60 m., h. 2.6 m. = 66.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á .....kr. 119.000.-</p>	

Gata og númer: Nesvegur 82

Möt framkvæmd: 10/1/67	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er ein hæð og kjallari, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er járnklætt timburþak. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er 1 anddyri, forstofa, skáli, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 2 V. S., 2 handlaugar, 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Tvöföld gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Þvottahús á hæðinni.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, forstofa, skáli, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók baðherbergi með kerlaug, steypibað, V. S., handlaug. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Dúkur á gólfum og einnig máluð. Auk þess er þvottaherbergi og kyndiklefi á hæðinni.</p> <p>Stærð hússins: L 13,5m., Br. 9,5m., H. 6,2m. = 795 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr. 2.274.000.00</p>	
<p><u>Virt: 24/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið. Skúrinn er byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærð skúrsins: B.liður: 73 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.. 42.340.-</p>	

Nesvegur

Gata og númer:

Kaplaskjólavegur, Garðsauki.

Möt framkvæmd: 1/12/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og veggir ýmist járnklæddir eða múrhúðaðir á vír að utan. Þak er úr borðasúð, pappa og bárujárni. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað innan með panel og ýmist veggfóðrað eða málað. Inngöngu- og geymsluskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar er anddyri og geymsluklefi. Steinsteypugrunnur er undir húsinu.</p> <p>Stærð íbúðarhússins: L. 7.7 m. br. 3.8 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m.</p> <p>" inng.- og geymslusk: L. 5.5 m. br. 0.9 m. h. 2.7 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásam skúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>14.880.4</p>

Nesvegur við Melba

Gata og númer:

~~Kaplasakjólsvegur~~

Möt framkvæmd: 6/6/1944.	Metið kr.
<p>Vöruheymsluhús, úr bindingi á steinsteiptum grunni með járni á veggjum og þaki.</p> <p>Stærð: L. 23.0 m. br. 8.5 m. h. 2.9 m. ris 2.7 m.</p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	<p>57.400.- ✓</p>

Gata og númer:

Kaplaskjúlavegur, E i ö i. I

Möt framkvæmd: (8/8/1944.) 15/12/1957.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, 2 langskilveggir eru úr steinsteypu. Þverveggir eru allir úr bindingi, með tvöföldum panelbiljum. Neðan á loftbitum er einnig biljað með panel. Allt málað. Steinsteypugólf er í öllu húsinu og timburgólf þar yfir. Í þaklyfti er 1 íbúðarherbergi, biljað og málað, og framloft.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 7.6 m. h. 2.7 m. ris 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	50400.-
<p>b. Fjós og hlaða, úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum. Þar er fjós með steinsteypugólfi og lofti úr timbri. Allt er fjósið biljað innan og stoppað.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 7.8 m. h. 2.7 m. ris 2.0 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	23.200.-
<p>c. Hesthús, (áður brbnr. 1985) úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum. Í húsinu er hesthús með 6 básum og kindahús. Skilveggur er úr timbri og steinsteypugólf er í húsinu.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 5.3 m. h. 2.6 m. skáþak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	10.800.-
<p>d. Geymsluskúr, (áður brbnr. 1985) byggður úr torfi og grjóti, með járnþaki á borðasúð.</p> <p>Stærð: L. 9.5 m. br. 9.2 m. h. 2.0 m. skáþak.</p>	
<p>e. Geymsluhús, (áður brbnr. 1985) úr binding klætt utan með borðum og timburrimlum. Annar stafninn og þakið er klætt með járnþaki á langböndum. Geymsluherbergi er afbiljað í öðrum enda hússins. Á þakbitum er borðagólf. Þar uppi er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 3.2 m. h. 2.4 m. ris 1.0 m.</p> <p>Litra d og e, er virt á.....</p>	5.600.-
	Samtals 90.000.- ✓
Virt 15/12/1957.	
<p>Frá síðasta mati 8/8/1944 hefur sú breyting farið fram, að íbúðarhúsið hefur verið endurnýjað að innan. Allt hefur verið rífið innan úr húsinu og gert sem nýtt. Ný einangrun hefur verið sett í. Vatns- og rafmagnsleiðslur eru nýjar og einnig hefur verið sett í húsið nýtt miðstöðvararkerfi. Hreinlætistöki og frárennsli hafa verið endurnýjuð. - Auk þess óskast húsið metið til samræmingar vegna hækkaðs verðlags.</p> <p>Stærð hússins: L. 8.0 m., Br. 7.6 m., H<sup>m</sup> 6.0 m. = 364.80 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr. 291.800.-</p>	

Gata og númer:

Nesvegur.  
~~Kaplaekjólavegur~~, Baldursheimur.

Möt framkvæmd: (23/10/1944.) 27/12/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, á steinsteypum kjallara, klætt utan með borðum, pappa og vírneti og múrhúðað yfir með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum er þiljað, stoppað og múrhúðað yfir. Skilrúm eru úr bindingi, múrhúðað og máluð. Loft eru einnig með sama frágangi og dúkar á gólfum. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, forstofuherbergi, inngangur, eldhús m/rafvél. Útisalerni. Kjallarinn er hólfaður í 2 herbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, geymslu og gang, ómúrhúðað. Steinsteypur tröppur eru við húsið og undir þeim inngangur í kjallarann.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 6.0 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m. kjh. 2.2 m. - l. 3.0 m. br. 5.4 m. h. 2.8 m. skáþak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 56.500.-<sup>✓</sup></p>	
<p><u>Virt 27/12/1950.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 23. október 1944.</p> <p>Íbúðarhús: L 8.2 m. br. 6.0 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Útskot : L 3.0 m. br. 5.4 m. h. 2.8 m. skáþak kj. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á..... <u>136.700.00</u><sup>✓</sup></p>	



Gata og númer:

Kaplaskjólavegur, Eidi. II

Möt framkvæmd: 8/8/1944.(20/1/1960) 30/9/1972	Metið kr.
<p>A: Íbúðarhús, úr bindingi, á steiptum grunni, með þaki, með venjulegum frágangi, klætt járn. Innan á útveggjum er múrhúðað með venjulegum frágangi. Skilrúm og loft eru úr timbri, múrhúðað og málað. Miðstöðvareldavél er í húsinu. Þar eru 6 íbúðarherbergi, 3 eldhús, 2 v.s. og 2 anddyri. Stærð: L. 17.0 m. br. 5.7 m. h. 2.5 m. ris 1.4 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	68.200.-V
<p><u>Virt 20.1.1960.</u></p> <p>B Viðbygging, nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Húsið er tvær hæðir.</p> <p>Á 1. hæð er eitt íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Auk þess er á hæðinni þvottahús, kyndiklefi m/ólíukyndingarkatli, geymsla og búr.</p> <p>Á 2. hæð eru 5 íbúðarherbergi, stigi og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Svalir.</p> <p>Stærð hússins: L. 8.30 m., br. 7.5 m., h. 5.70 m., ris fl. = 354.82m<sup>3</sup>. Húsið með tilheyrandi er metið á.....kr.</p>	280.100.-
<p><u>Virt: 30/9/1972.</u></p> <p>Staflíður A:</p> <p>Hús þetta er timburhús með 3 íbúðum, samtals 7 herbergi ásamt böðum og eldhúsum, 2 íbúðirnar hafa verið standsettar nýlega og er því óskað endur-mats.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 17.0 m., br. 5.7 m., h. 2.5 m., ris 1.4 m. = 310.00 m<sup>3</sup> " L. 1.9 m., br. 3.9 m., h. 2.5 m., ris skápak = 19.00 m<sup>3</sup> " L. 2.3 m., br. 7.5 m., h. 2.7 m. = 47.00 m<sup>3</sup> = 376.00 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.</p>	1.306.000.-

Gata og númer:

Kaplas skjólsvegur, Hjallaland.

Möt framkvæmd: (1/6/1942.)(10/2/1945.) 15/5/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, vírneti og múrnúð úr skeljasandi. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járni. Húsið er einlyft, með 2 kvistum, risi og kjallara. Neðri hæðin er þiljuð innan á útveggi, strigalögð, nema 2 herbergi, sem hafa brjóstpanel úr krossvið, annars er þessi hæð ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Efri hæðin er öll klædd innan með asbestplötum og olíumáluð. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., forstofa, anddyri og stigagangur. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s. og gangur. Í kjallaranum eru 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi. Í inngönguskúrnum er gangur og íbúðarherbergi í sambandi við 1 herbergi aðal hæðarinnar. Veggpallur er út frá aðal hæðinni, en þaksvalir á skúrnum eru til afnota fyrir rishæðina. Tvennar steinsteyputröppur eru við húsið.</p>	
Stærð íbúðarhússins: L. 7.6 m. br. 8.4 m. h. 3.2 m. ris 4.1 m.	
" inngönguskúr: L. 2.3 m. br. 4.3 m. h. 3.5 m. þaksvalir.	
" útskots: L. 4.8 m. br. 3.4 m. h. 3.2 m. ris 3.0 m.	
" kjallara: L. 8.4 m. br. 11.0 m. h. 2.3 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr, útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	68.200.-
b. Fjós og hlaða, úr bindingi, klætt utan borðum, eterniti á veggjum og þaki. Þar er steinsteypugólf og 10 svínasítur.	
Stærð fjós og hlöðu: L. 4.8 m. br. 6.3 m. h. 1.2 m.	
" svínahúss: L. 13.3 m. br. 7.9 m. h. 1.5 m.	
Bæði húsinu, eru virt á.....	18.300.-
Samtals	86.500.- <sup>v</sup>
=====	
Húsið er í öllum aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati. ( 1/6/1942. )	
A. Íbúðarhús: L. 7.6 m. br. 8.4 m. h. 3.2 m. ris 4.1 m. kjh. 2.3 m.	
" Inngönguskúr: L. 2.3 m. br. 4.3 m. h. 3.5 m. þaksvalir kjh. 2.3 m.	
" Útskot: L. 4.8 m. br. 3.4 m. h. 3.2 m. ris 3.0 m. kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	151.000.-
=====	
B. Útihús eru rifin.	

Gata og númer:

Nesvegur  
Kaplaskjölsvegur, Minni-Bakki B.

Möt framkvæmd: 15/5/1946. 23/10/1965

Metið kr.

Ibúðarhús, áfast að vestanverðu við Minni-Bakka A, með eldvarnarvegg í milli, 1 hæð og ris á steinsteyptum grunni, byggt úr timbri með þaki gerðu á venjulegan hátt, klæddu asbesti. I binding er troðilð tréspónastoppi, þá klætt pappa, borðum og veggfóðri. Ytra er pappi, borðaklæðning og múrhúðað með skeljasandi. I húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/miðstöðvareldavél, v.s. og gangur, allt ýmist veggfóðrað eða málað.

Stærð hússins: L. 5.7 m. br. 7.0 m. h. 2.7 m. ris 1.2 m.

" viðb: L. 1.2 m. br. 2.4 m. h. 2.4 m. skápak.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

32.000.-

Virt: 23/10/1965

Frá síðasta mati 15/5/1946, hafa ýmsar breytingar verið gerðar.

Innréttingar veirið auknar og klæðningu inni breytt.

Stærð hússins:

L. 5.7 m., br. 7.0 m., h. 2.7 m., ris 1.2 m.

L. 1.2 m., br. 2.4 m., h. 2.4 m., ris skápak. = 139.00 m<sup>3</sup>.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr.

236.000.-

Gata og númer:

Nesvegur  
~~Kaplasgjólavegur, Sindri.~~

Möt framkvæmd: (2/1/1943.) 29/6/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, úr bindingi, klett utan borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, allt þiljað innan, lagt pappa og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari til geymslu er undir öllu húsinu.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.0 m. h. 1.4 m. ris 2.0 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlið hússins, byggður eins og það. Allur þiljaður innan með panel. Þar eru geymsluskápar.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 1.9 m. h. 2.4 m. skápak, kjh. 1.2 m.</p> <p>Viðbygging við norðurgabl aðalhússins, úr timburbinding, klæddur utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Pappi er í útveggjabinding og innan á honum er þiljað með insolitplötum. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum timburþiljum og borðaklæðning er neðan á loftbitum. Timburþiljur eru allar strigalagðar og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í bitalögum er milligólf með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi og anddyri. Steinsteypugólf er í kjallaranum. Þar er þvottahús, geymsluherbergi og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi.</p> <p>Stærð: L. 10.5 m. br. 4.8 m. h. 2.9 m. ris 1.6 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og inngönguskúr, er virt á....</p>	49.490.-
<p>b. Fjós og hlaða, úr timbri, járnvarin að utan. Í fjósinu er steinsteypugólf. Þiljað innan og stoppað með sagspónum á milli þiljanna. Þar eru 3 kúabásar. Skilveggur er úr tré á milli fjóssins og hlöðunnar.</p> <p>Stærð: L. 6.1 m. br. 5.5 m. h. 2.0 m. ris 0.5 m.</p> <p>Fjósið og hlaðan er virt á.....</p>	4.920.-
Samtals	54.410.- ✓
<p>Eldra húsið er í meginatriðum óbreytt frá síðasta mati 2/1/1943, en viðbygging úr steinsteypu, hefir verið gerð við vesturhlið þess, með þaki úr borðum, pappa og jární. Stigar og 2 loft eru úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og þverskilveggir eru úr venjukgri steinsteypu. Innan á útveggjum er pappi á listum og timburklæðning yfir, allt múrhúðað og málað, með dúkum á gólfum. Í aðalhæðinni er 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s. Í risi er geymsla. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi m/sama frágangi og lýst hefir verið, eldhús m/rafeldavél og stigagangur. Inngönguskúr, sem áður var er rifinn. Steinsteyputröppur eru við húsið og er það hitað frá miðstöð.</p>	

Gata og númer:

Kaplaskjólsvegur, Sindri.

Möt framkvæmd:	Metið kr
A. Íbúðarhús: L. 10.5 m. br. 4.8 m. h. 2.7 m. ris 2.0 m. kjh. 2.5 m.	
" Viðbygging: L. 6.3 m. br. 8.0 m. h. 2.7 m. ris 2.0 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	168.500.-
B. Útihús eru óbreytt, en áfast við þau er þvottahús, sem hefur verið byggt úr timbri á steinsteyptan grunn með jární á veggjum og þaki, en klætt innan með timbri. Það er með potti.	
Fjós og hlaða: L. 6.1 m. br. 5.5 m. h. 3.0 m. ris 0.5 m.	
Þvottahús: L. 3.9 m. br. 3.0 m. h. 2.8 m.	
Bæði húsin, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....	8.400.-
Samtals	176.900.-
	=====

Virt 31/1 1955.

Óbreytt að stærðum frá síðasta mati 29 júní 1946, en íbúðarhúsið hefir mikið verið endurbætt innan. -

Á hæðinni hefir verið innréttað nýtt eldhús og sett í það ný eldhúsinnrétting, smíðaðir fastir skápar í svefnherbergi, allt málað að nýju og dúklagt. -

Í kjallara hefir verið sett ný innrétting í eldhús og olíukynding m/nýjum katli og nýtt v. s. m/handlaug, allt málað og dúklagt.

A. Íbúðarhús: L. 10.5 m. Br. 4.8 m. H. 2.7 m. ris 2.0 m. kj. 2.5 m.

" Viðbyggi.: L. 6.3 m. Br. 8.0 m. H. 2.7 m. ris 2.0 m. kj. 2.5 m. Alls 624.96 m<sup>3</sup>

" Húsið með viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 412.500.00

B. Þvottahús m/m.: L. 6.1 m. Br. 5.5 m. H. 3.0 m. ris 0.5 m.

" Viðbygging : L. 3.9 m. Br. 3.0 m. H. 2.8 m. flatt þak Alls 140.12 m<sup>3</sup>

" Húsið með viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 36.400.00

Kr. 448.900.00

Gata og númer:

Kaplaskjólavegur, Eiði.

Möt framkvæmd: 21/10/1939.

Metið kr.

Straumskiptistöð, byggð úr bindingi, klædd utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í húsinu er trégólf.

Stærð: L. 3.3 m. br. 2.8 m. h. 2.6 m. ris 0.5 m.

Húsið er virt á.....

675.- ✓

Gata og númer:

Nesvegur  
Kaplaskjólavegur, E 1 0 1.

Möt framkvæmd: 21/10/1939.	Metið kr.
<p>Straumskiptistöð, byggð úr bindingi, klædd utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í húsinu er trégólf.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 2.8 m. h. 2.6 m. ris 0.5 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	675.- ✓

Gata og númer:

Nesvegur  
Kaplaskjólavegur, Eiði.

Möt framkvæmd: 21/10/1939.

Metið kr.

Straumskiptistöð, byggð úr bindingi, klædd utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í húsinu er trégólf.

Stærð: L. 3.3 m. br. 2.8 m. h. 2.6 m. ris 0.5 m.

Húsið er virt á.....

675.- ✓



Gata og númer:

Njálsgata 1.

Möt framkvæmd: (1/10/1942.) 24/10/1949.

Metið kr.

Íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappag og borðasúð. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og v.s. Innan á útveggjum er plankagrind með pappa í og þiljum innan á. Skilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum. Þiljur eru og neðan á loftbitum. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 2 stórir kvistir, sinn á hvorri hlið hússins, annar sunnan í móti og hinn að norðan. Þar uppi eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Á skambitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft og geymsla. Milligólf er í öllum bitalögum, með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Kjallari er undir öllum húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 sölubúðir, með borðum, skápum og hillum og skrifstofuherbergi, hvortveggja með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu. Í kjallaranum er þvottahús, 2 geymsluherbergi og gangur.

Stærð: L. 7.7 m. br. 9.3 m. h. 6.2 m. ris 2.8 m. kjh. 2.4 m.

Viðbygging er við húsið, byggð eins og það.

Stærð: L. 3.8 m. br. 9.3 m. h. 4.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.4 m.

Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það. Stigar eru allir úr timbri. Í efri hæð skúrsins er v.s. og sömuleiðis í kjallaranum. Stærð: L. 4.6 m. br. 3.0 m. h. 6.2 m. ris 1.5 m. kjh. 2.4 m.

Inngönguskúr er við austurgafli hússins, byggður eins og það. Við hann eru steinsteyputröppur og undir þeim er geymsla. Húsið er allt sementslétt að utan.

Stærð: L. 2.5 m. br. 4.0 m. h. 3.2 m. ris 0.8 m. kjh. 2.4 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu, 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á..... 166.270.-

Virt 24/10/1949.

Húsið er óbreytt að ytra formi frá síðasta mati 1. október 1942, en talsvert breytt og umbætt innanhúss: Eldhúsið stækkað um búið og salernið, textklætt, málað og korklagt gólfíð og öll innrétting í því ný, 2 herbergin endurbætt og nýr innbyggður skápur í öðru þeirra. Í viðbyggingunni innréttað nýtt baðherbergi m/keri og v.s. og anddyri, allt textklætt og málað og flísar á gólfum. Inngönguskúrinn frá Klapparstíg er óbreyttur og þak hæð óbreytt.

Í kjallaranum er nú stór vefnaðarvörubúð, v.s., anddyri, gangur, allt málað og dúklagt, nema terrassó á v.s. og anddyri. Hitaveitulögn komin í húsið og heitt vatn í báðum eldhúsum, þvottahús m/miðstöð og 2 geymslur.

Íbúðar- og verzlunarhús: L 7.7 m. br. 9.3 m. h. 6.2 m. ris 2.8 m. kj. 2.4 m.

Gata og númer:

Njálsgata 1

Möt framkvæmd: 24/10/1950.

Metið kr.

Viðbygging : L 3.8 m. br. 9.3 m. h. 4.8 m. ris 2.8 m. kj. 2.4 m.

Inngönguskúr: L 4.6 m. br. 3.0 m. h. 6.2 m. ris 1.5 m. kj. 2.4 m.

do : L 2.5 m. br. 4.0 m. h. 3.2 m. ris 0.8 m. kj. 2.4 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu, inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....Krónur 413.700.-

Gata og númer:

Njálsgata 2.

Möt framkvæmd: 21/4/1925.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðal hæð hússins eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluherbergi, v.s. og 2 gangar. Langskilveggur er í húsinu úr steinsteypu, en þverskilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum. Þiljað er og neðan á loftbita. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað.

Stærð: L. 10.0 m. br. 8.2 m. h. 4.0 m. skápak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

17.110.-

Gata og númer:

Njálsgata 3.

Möt framkvæmd: 15/10/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Innan á útveggjum er 2" plankagrind, með 2 pappalögum í, listum og þiljum þar innan á. Gólf og loft er úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir allir úr vengulegri steinsteypu. Þiljur allar eru lagðar striga og vélapappír og steinsteypuveggir sementssléttaðir og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. 2 kvistir eru á rishæðinni og í þaklyftinu eru nú 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s. og gangur. Skilveggir eru hér úr bindingi, með tvöföldum þiljum og klæðning er neðan á skambitum og þaksperrum, allt lagt striga og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðum hússins. Í kjallaranum er enfremur miðstöðvarherbergi og kølaklefi. Allir stigar hússins eru úr timbri og húsið er sementssléttað utan.</p>	
Stærð: L. 10.0 m. br. 8.8 m. h. 5.9 m. ris 3.3 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	53.350.-
<p>b. Íbúðarhús, byggt á sömu lóð, úr steinsteypu, með þaki úr bárujárnri, pappa og borðasúð. Í aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. 2 loft er úr járnþentri steinsteypu og skilveggir allir úr vengulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottaherbergi, 5 geymsluherbergi, þurrkherbergi, v.s. og gangur. 2 þverveggir eru í kjallaranum úr steinsteypu, en hinir aðrir úr bindingi, með einföldum þiljum.</p>	
Stærð: L. 10.2 m. br. 4.6 m. h. 3.2 m. skáþak, kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	10.248.-
<p>c. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Hann er þiljaður innan, vírlagður og múrsléttaður, sem og múrsléttaður utan.</p>	
Stærð: L. 6.4 m. br. 3.5 m. h. 2.7 m. skáþak.	
Skúrin er virtur á.....	1.220.-
Samtals	64.818.-

SNÚ.

Gata og númer:

Nýlendugata 22.

Möt framkvæmd: 15/1/1958.

Metið kr

Virt 15/1. 1958.

Frá síðasta mati, B. 21/1. 1928, C. 21/2. 1937, óbreytt að stærðum,  
en staflidrir B og C óskast metnir til samræmingar við hækkað verðlag.

Stærð hússins:

B: L. 10.2 m., br. 4.6 m., h. 3.2 m., ris skáp. kj. 2.2 m.	= 253.37 m <sup>3</sup> .....	Kr. 215.400.00
C: " 6.4 " " 3.5 " " 2.7 m., " "	= 60.48 m <sup>3</sup> .....	" 22.600.00.
Húsið með tilheyrandi er metið á .....	Alls kr.	238.000.00.

Gata og númer:

Nýlendugata 23.

Möt framkvæmd: (29/7/1922.) 29/9/1971	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í útveggi er fyllt með marhálmi og sagspónum í bindinginn. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og fastur skápur. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfaður í brennt.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 5.7 m. h. 2.6 m. ris 1.1 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.3 m. br. 1.3 m. h. 3.5 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>12.204.-<sup>✓</sup></p>
<p><u>Virt:29/9/1971.</u></p> <p>Endurmetið til lækkunar vegna verðrýrnunar. Óbreytt að stærðum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>Íbúð + inng.skúr. = 274.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á ..... kr. 904.000.-</p>	<p>904.000.-</p>

Gata og númer:

Nýlendugata 24.

Möt framkvæmd: 1/4/1943. (18/3/1968 ) 29/9/1971	Metid kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á 3 vegu og þaki. Austurgafllinn er eldvarnarveggur. Í alla útveggi er fyllt með sagi og milli-gólf er í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, gangur og skápur. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Auk þess eru þar 3 geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 6.6 m. br. 6.9 m. h. 3.1 m. ris 3.1 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgafll hússins, byggður eins og það. Þar er gangur, 3 geymsluklefar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 4.4 m. h. 5.0 m. skápak, kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>56.290.4</p>
<p><u>Virt: 18/3/1968.</u></p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati, 1/4/1943, en breytingar hafa orðið á innréttingum.</p> <p>1. hæð: Þar eru nú 2 herbergi, eldhús, v.s. Veggir ýmist málaðir eða veggfóðraðir, gólf máx dúklögð og sett tvöfalt gler í gluggana.</p> <p>Þakhæð: Þar eru tvö kvistherbergi, allt málað og dúklagt.</p> <p>Kjallari: Þar er 1 herbergi og eldhús. 2 geymslar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 6.6 m., br. 6.9 m., h. 3.1 m., ris 3.1 m., kj. 2.7 m.</p> <p>L. 1.6 m., br. 4.4 m., h. 5.0 m., ris skáp. kj. 2.7 m., = 387.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.</p>	<p>995.000.-</p>
<p><u>Virt: 29/9/1971.</u></p> <p>Endurmetið til lakkunar, vegna verðyrnunar. Óbreytt að stærðum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>Íbúðarbús + inng.skúr = 387.00 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á ..... kr.</p>	<p>1.548.000.-</p>

Gata og númer:

Nýlendugata 24 a.

Möt framkvæmd: (1/2/1944.) (29/9/1971) 24/10/1972	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og bakí. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi og gangur, allt þiljað innan og neðan á loftbita, með plægðum panelborðum, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæð hússins eru 4 íbúðarherbergi, v.s., baðherbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhäðinni. Á þakbitum er gólf og þar uppi er þurrkloft. Milligólf er í öllum bitalögum með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og timburskilveggjum. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað með panel og málað. Ennfremur er þar þvottaherbergi og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 5.0 m. ris 2.0 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inn- og uppgönguskúr er við norðurhlíð hússins, úr steinsteypu á 3 vegu og með járbaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæð hans er fastur skápur og gangur. Allur er skúrinn þiljaður innan, veggfóðraður og málaður. Undir honum er kjallari og er þar inngangur í kjallara aðal hússins. Steinsteyputröppur eru við skúrinn og undir þeim er geymsluklefi. Kjallarinn og skúrinn er sementssléttaður utan.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 2.7 m. h. 5.0 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	61.780.- <sup>v</sup>
<p><u>Virt: 29/9/1971.</u></p> <p>Endurmetið til lækunar vegna verðyrnunar. Óbreytt að stærðum.</p> <p>Htærð hússin:</p> <p>Íbúðarhús + inng.skúr = 403.00 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á ..... kr. 1.330.000.-</p>	
<p><u>Virt: 24/10/1972.</u></p> <p>Endurmetið til hækkunar, vegna hækkandi verðlags. Óbr. að stærðum</p> <p>Stærð hússins: = 403.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 1.615.000.-</p>	
<p><u>Virt: 12/10 1976.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar breytingar á kjallara hússins. 1.hæð og þakhæð hússins eru óbreyttar.</p> <p>Kjallari: Þar hafa verið nýjar leiðslur settar upp og hann einangraður. Ný hreinlætistöki sett í. Falskt loft sem var í gangi tekið og hækkað í lofthæð. Tvöfalt gler er í gluggum að hluta. Kjallarinn er óbreyttur að stærðum.</p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á..... kr. 7.012.000 -</p>	



Möt framkvæmd: a og b 1/3/1942, c 1/10/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í binding er stoppað með sagspónum og milligólf er í neðra bitalagi og stoppað á milli gólfanna með sagspónum. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Á þakbitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft. Vesturgafli hússins er eldvarnarveggur.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 5.0 m. h. 2.8 m. ris 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Hann er hólfður í tvennt.</p> <p>Stærð: L. 3.6 m. br. 1.9 m. h. 2.7 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	11.850.-
<p>b. Geymsluskúr er við húsið, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa, bæði á veggjum og þaki.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 5.0 m. h. 1.9 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	870.-
<p>c. Rafmagnsvélaverkstæði, einlyft, með skápaki og kjallara undir nokkrum hluta þess, úr vikursteini, með asbestþaki á pappa og borðasúð. Allt þiljað innan, vírlagt, múrhúðað. Það er klætt neðan á þakbita með tréexplötum. Trégólf er í húsinu og undir ca. <math>\frac{1}{2}</math> húsinu er geymslukjallari úr steinsteypu, með steinsteypugólfi. Í aðal hæðinni er vinnusalur, geymslusalur, skrifstofa, v.s. og gangur. Kjallarinn er ósundurhólfður.</p> <p>Stærð: L. 13.5 m. br. 7.5 m. h. 3.4 m. skápak.</p> <p>Kj.st: L. 4.0 m. br. 7.5 m. h. 1.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	50.940.-
<p>Samtals</p>	63.660.-

Gata og númer:

Nýlendugata 27

Möt framkvæmd: 21/2/1930.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaraagólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt sementssléttað innan. Í hvorri hæðinni fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í þaklyfti eru 2 geymsluherbergi, baðherbergi, þvottahús, þurrkloft og gangur. Skilveggir eru hér allir úr timbri, þvottaherbergið er þiljað, vírlagt, og múrsléttað. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhöðum hússins. Auk þess er hér miðatöðvarherbergi og 4 geymsluklefar. 2 veggpallar með handriðum eru á suðurhlíðvegg hússins. Stigar eru úr timbri.

Stærð: L. 9.4 m. br. 9.4 m. h. 6.0 m. ris 3.0 m. kjh. 2.6 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

43.471. ✓

Gata og númer:

Nýlendugata 29.

Möt framkvæmd: a 11/7/1924, b 21/4/1936.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarber, byggður þannig að hliðveggir hans eru úr steini, en gaflar úr binding. Austurgafllinn er með tvöfaldri plægðri borðaklæðningu og pappa þar yfir. Vesturgafllinn er með listaðri borðaklæðningu. Í bakinu er járn á skarsúð, plægðri í hálf. Í austurgafli er múrað í binding með múrsteini, en annarsstaðar er þurrt torf á milli þils og veggja. Niðri eru 1 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar, sem allt er þiljað. Þar er 1 ofn. Uppi eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og skápur.</p> <p>Stærð: L. 6.6 m. br. 4.7 m. h. 1.7 m. ris 2.1 m.</p> <p>Við norðurhlið bæjarins er inngönguskúr, klæddur utan með listuðum borðum og með járnþaki á súð. Hólfabur í tvennt.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 1.9 m. h. 1.9 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á ..... 3.681.-</p>	
<p>b. Íbúðarhús, þrílyft, með kvisti, risi og kjallara, (Brbr. áður 3357)</p> <p>Húsið er byggt úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 4 loft úr járnþetri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum og allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í hverri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Í risahéðinu eru einnig 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, anddyri og gangur. Í kjallaranum eru miðstöðvarherbergi, þvottahús, þurrstofa, 3 geymsluherbergi og 2 gangar. Stigar eru úr steinsteypu.</p> <p>Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 7.6 m. br. 9.5 m. h. 8.0 m. ris 3.0 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 40.030.-</p>	
	<p>Samtals! 43.711.4</p>

Gata og númer:

( Vesturgata ~~50<sup>4</sup>~~, 50<sup>6</sup>) Nýlendugata 39

Möt framkvæmd: 21/1/1928.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járn. Í því eru 2 gólf úr járnbentri steinsteypu og skilveggir eru allir úr venjulegri steinsteypu. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Innan á útveggjum eru þiljur, lagðar striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Þaklyftið er ósundurhólfað og notað til geymslu og þvottapurrkunar. Kjallari er undir húsinu, með steinsteypugólfi. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni. Ennfremur er í kjallaranum geymsluherbergi og þvottaherbergi. Í kjallaraíbúðinni er timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Stigar eru úr timbri.

Stærð: L. 8.2 m. br. 8.0 m. h. 2.9 m. ris 2.6 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

18.503.<sup>v</sup>-

Gata og númer:

( Vesturgata 52 b.) Nýlendugata 41

Möt framkvæmd: 21/10/1924.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðsúð, með pappa á milli. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Langskilveggur er í húsinu úr steinsteypu, kalksléttaður beggja megin. Þver-skilveggir eru úr binding, klæddum tvöföldum þiljum. Þiljur eru og neðan á loftbitum. Allt þiljur eru lagðar striga og peppír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Allt þiljað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús, þiljað og málað. Auk þess er þar þvottahús, geymsluherbergi og gangur. Þar er steinsteypugólf og skilveggir, kalksléttaðir, v.s. er einnig í kjallarænum.

Stærð: L. 7.4 m. br. 7.5 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við suðurhlið hússins, byggður eins og það. Þar er fastur skápur og stigagangur.

Stærð: L. 2.5 m. br. 2.8 m. h. 4.2 m. ris 0.9 m. kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 16.646.-

Virt: 21/12.1981.

Húsið hefur verið endurmetið vegna endurbóta, stærðir hússins eru óbreyttar frá síðasta mati eða 403 m<sup>3</sup>.

Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr 483.600.-

Gata og númer:

(Vesturgata 52A) Nýlendugata 43

Möt framkvæmd: (2/1. 1944 -) 29/9/1971.

Metið kr.

a. Íbúðarhús, einlyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Gólf er úr járnþentri steinsteypu. Langskilveggur er í húsinu úr steinsteypu, sements-sléttaður beggja megin, en þverveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Einnig er klætt neðan á loftbita með borðum. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur, allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni. Timbur-gólf er hér yfir steinsteypugólfinu. Í kjallaranum er einnig þvottaherbergi og geymsla.

Stærð: L. 7.4 m. br. 7.5 m. h. 3.3 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við húsið byggður að öllu eins og það. Þar eru 2 gangar. Allt þiljað með panel og málað. Geymslukjallari er undir skúrnum og við hann eru steinsteyputröppur með geymsluklefa undir.

Stærð: L. 2.5 m. br. 2.7 m. h. 3.3 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 50.400.-

b. Hesthús og hlaða úr timbri, járnvarið utan, þiljað innan og málað. Þar eru 2 hestabásar úr tré.

Stærð: L. 3.8 m. br. 5.8 m. h. 2.3 m. skápak.

Skúrin er virtur á..... 4.000.-

Samtals 54.400.-

Virt: 29/9/1971.

Endurmetið til lækunar, vegna verðyrnunar. Óbreytt að stærðum.

Stærð hússin:

A: Íbúð + inng.skúr = 342.00 m<sup>3</sup> 1.026.000.-B: Hlaða og hesthús = 51.00 m<sup>3</sup> 20.000.-

Húsið, ásamt hesthúsi og hlöðu með tilheyrandi, er virt á ..... kr. 1.046.000.-

Gata og númer:

(Vesturgata 52 c.)

Nýlendugata 45

Möt framkvæmd: (1/11/1942.) 29/9/1971.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, (áður v/Vesturbakka v/Bakkastíg, brnr. 90) einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi og með járnþaki á pappa og borðasúð. Utan á veggjum eru borðapiljur, pappi, listar og bárujárni. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað innan, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi og gangur, allt með sama frágangi og v.s. Í kjallaranum er 1 geymsluherbergi og þvottahús. Þar eru einnig 2 íbúðarherbergi. Þar er steinsteypugólf.</p> <p>Stærð: L. 7.6 m. br. 6.3 m. h. 3.4 m. ris 2.4 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>41.810.-</p>
<p>Virt: 29/9/1971.</p> <p>Endurmetið til lækkunar vegna verðyrnunar. Óbreytt að stærðum.</p> <p>Stærð hússin:</p> <p>L. 7.6 m., br. 6.3 m., h. 3.4 m., ris 2.4 m., kj. 2.0 m. = 316.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.</p>	<p>948.000.-</p>

Gata og númer:

Nýlendugata  
(Vesturgata) Hlíðarhús b.

Möt framkvæmd: (21/1/1934.) 29/9/1971.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með porti og risi, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum á 3 vegu, steinhlið er að norðanverðu, á því er þak úr borðasúð, pappa og jární. Þak og veggir eru stoppað með márhálmi. Í aðalhæðinni er 1 íbúðarherbergi, búr og gangur, allt þiljað innan, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni er sama herbergjaskipun og frégangur.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 4.6 m. h. 3.1 m. ris 1.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	2.410.-
<p>b. Eldhús, úr höggnum steini, annar hliðveggurinn, en gaflar eru úr binding, járnvarðir og þak er úr borðasúð og jární.</p> <p>Stærð: L. 4.8 m. br. 3.3 m. h. 1.5 m. ris 2.0 m.</p> <p>Eldhúsið er virt á.....</p>	400.-
<p>c. Geymsluskúr er byggður við vesturhlið aðalhússins, úr bindingi, klæddur utan jární á langböndum, bæði veggir og þak.</p> <p>Stærð: L. 5.5 m. br. 4.6 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	710.-
	Samtals 3.520.- =====
<u>Virt: 29/9/1971.</u>	
Endurmetið til lækkunar vegna verðrýrnunar. Óbreytt að stærðum.	
Stærð hússins:	
A: íbúðarhús = 100.00 m <sup>3</sup>	200.000.-
B: Eldhús = 40.00 m <sup>3</sup>	20.000.-
C: Geymsla = 71.00 m <sup>3</sup>	30.000.-
Húsið, ásamt eldhúsi og geymslu er virt á .....	kr. 250.000.-



Gata og númer:

Nýlendugata.

Möt framkvæmd: 21/2/1937.

Metið kr.

Straumskiptistöð, úr venjulegri steinsteypu, bæði inn- og útveggir, loft og gólf. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járni. Skiptistöðin er hólfuð í tvennt yfir þvert húsið. Í stærri hlutanum eru 8 opnir klefar og gangur. Allir veggir eru holufylltir að innan og stöðin er múrsléttuð utan. Stærð: L. 7.8 m. br. 4.5 m. h. 4.7 m. ris 0.5 m.

Skiptistöðin er virt á.....

6.160.-✓

Gata og númer:

Nýlendugata. (á Mýrarholtslóð)

Möt framkvæmd: 2/12/1941.	Metið kr.
<p>Vörugymsluhús, úr bindingi, klætt utan með bárujárni á langböndum, bæði veggir og þak. Undir fótstykkjum er steinsteypugrunnur og gólf skúrsins er úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 6.0 m. h. 3.0 m. ris 1.0 m. <del>skáþak</del>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>5.540.-</p>

Gata og númer:

Nýlendugata, Mýrarholt.

Möt framkvæmd: (28/8/1944) 20/1/1948	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með porti, kvisti, <sup>2/</sup>(2) gluggakvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og jární. Í húsinu eru 3 loft heil og hanabjálkaloft úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir allir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu, allt sementssléttað. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og 3 gangar. Innan á útveggjum neðri hæðarinnar eru "Heraklith"-plötur, múrslétt- aðar, en innan á öðrum útveggjum hússins er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og báðar eru hæðirnar ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, v.s., eldhús og gangur. Allt þetta er með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðum hússins. Í þaklyfti er ennfremur þurrkloft. Leirflísar eru á eldhúsgólfum og bakstiga- þöllum. Á veggjum baðherbergis umhverfis innmúrað baðker, vatnsskál í eldhúsi o.s.fr. eru postulínsplötur. Gúmmí er á gólfi baðherbergis og terrasso-yfir- steypa er á gólfi anddyris. Í kjallaranum eru 3 geymsluherbergi, þvottaher- bergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, v.s., anddyri og gangur. Á bakhlíð hússins eru 2 veggssvalir með handriðum. Stigar eru úr timbri og húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 11.5 m. br. 9.5 m. h. 5.7 m. ris 3.9 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>228.200.✓</p>
<p>20/1/1948</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 28. ágúst 1944</p> <p>Íbúðarhús: L 11.5 m. br. 9.5 m. h. 5.7 m. ris 3.9 m. kj. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... <i>Þessi mágus eldherbergi eru í húsinu</i></p>	<p>321.000.00</p>

Gata og númer: Nýlendugata

Möt framkvæmd: 21.ágúst 1972	Metið kr.
<p>Nýtt leikskýli, byggt úr timbri, ein hæð. Bárujárnsþak. V.S. og handlaug.  Stærð hússins: 7,32 m., Br. 4,88 m., H. 2,8 m. = 100 m<sup>3</sup>  Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.</p>	<p>514.000.-</p>

Gata og númer:

N Ö K K V A V O G U R 1

Möt framkvæmd: 12/10/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris m/ kvisti og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm úr steypu, nema í risi úr múrhúðuðu timbri, hraunhúðað utan, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fatakrókur og 3 fastir skápar, allt málað og dúklagt. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigaanddyri, innri forstofa, allt múrhúðað, málað og dúklagt á steinsteyppt gólf; geymsla og veggvalir. Þiljað á skambita og geymsla þar uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., anddyri, innri forstofa og fastur skápur, allt múrhúðað og málað, dúklögð 2 herbergin og innri forstofa, hin gólfín máluð; ennfremur þvottahús, kolamiðstöðvarklefi og geymsla undir stiga og útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 10.8 m. br. 9.3 m. h. 3.2 m. ris 3.7 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>309.400.00</p>
<p><u>Virt: 21/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið. Skúrin er steinsteypur.</p> <p>Stærð skúrsins:</p> <p style="padding-left: 100px;">B.líður: 107 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.</p>	<p>62.060.-</p>

Möt framkvæmd: (18/3/1947.) (24/11/1947.) (30/6/1950.) 30/7 1954 BÍlskúr 30/9/1956	Metið kr.
<p>Íbúðarhús af svokallaðri senskri gerð, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara. Þak er úr borðum og pappa, klætt asbestplötum, en vatnsborðaklæðning utan á veggjum. Skilrúm í kjallara eru úr steinsteypu, en bæði loftin og skilrúm eru úr timbri, sem klædd eru ýmist trétexi eða masonite. Innan á útveggjum er masonite. Meginviðir eru 2" nótuð furuklæðning, þá kemur 1 3/4" grenilistar og klætt á þá með 1" furuborðum og stoppað í milli, þá kemur 3/4" grenilistar og klætt á þá 1" borðum með holrúmi í milli. Á hæðinni eru 4 herbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og gangur, allt ýmist með álímdum veggjapappír eða málað. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, gangur, stigagangur, þvottaherbergi, þurrkherbergi og geymslur og miðstöðvarherbergi með olíuhituðum katli.</p> <p>Stærð: L. 13.7 m. br. 8.0 m. h. 2.8 m. ris 1.9 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....</p>	190.100.-
<p>===== 24/11/1947.</p> <p>Húsið er að því einu leyti breytt frá síðasta mati 18. marz 1947, að 2 eldhús eru nú í kjallaranum, þar sem áður var ein íbúð.</p> <p>Íbúðarhús : L 13.7 m., br. 8.0 m., h. 2.8 m., ris 1.9 m., kj. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	203.700.- =====
<p><u>Virt 30/6/1950.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 24. nóvember 1947.</p> <p>Íbúðarhús: L 13.7 m. br. 8.0 m. h. 2.8 m. ris 1.9 m. kj. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	262.400.00 =====
<p>Er óbreytt að stærðum frá síðasta mati 30. júní 1950.</p> <p>Íbúðarhús : L. 13.7 m. Br. 8.0 m. H. 2.8 m. ris 1.9 m. kj. 2.5 m. = 679.52 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á .....</p>	kr. 428.100.00 Kr. 428.100.00
<p><u>Bílskúr virtur 30/9 1956.</u></p> <p>Engar breytingar hafa átt sér stað á húsinu en hinsvegar hefur verið reistur bílskúr við húsið. Hann er hlaðinn úr hraunsteini, múrhúðaður að innan og með bárujárnsþaki.</p> <p>Stærðir bílskúrsins eru sem hér segir:</p> <p>L. 10.00 m. Br. 4.00 m. H. 2.25 m. Ris 1.30 m. = 118.00m<sup>3</sup></p> <p>Bílskúrin er metinn á .....</p>	kr. 35.400.00

Gata og númer:

N ö k k v a v e g u r 3

Möt framkvæmd: 29/5/1948	Metið kr.
<p>Ibúðar- og járnsmíðahús, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara með timburlofti, 1 hæð, valmaþak og kjallari, klætt utan timbri og málað, en klætt trétexi að innan og ýmist veggfóðrað eða málað, loft máluð og með þaki úr timbri og steindum pappa. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., forstofa og 2 fastir skápar, gólf ferníseruð geymsla. Í kjallara er járnsmíða- og logsuðuverkstaði, stigagangur, inngangur, þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi, geymsla, og geymsla undir útitröppum, allt óeinangrað.</p> <p>Stærð hússins : L 13.0 m., br. 5.0 m., ris 1.4 m., kj. 2.5 m., h. 2.8 m.</p> <p>" viðbygg. : L 4.4 m., br. 2.8 m., ris 1.4 m., kj. 2.5 m., h. 2.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>92.600.- =====</p>
<p>Virt: 21/4 1981.</p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið. Skúrinn er hlaðinn úr Holsteini.</p> <p>Stærð skúrsins:</p> <p>B.liður: 75 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.</p>	<p>39.750.- -----</p>

Möt framkvæmd: 6/12/1952.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris m/3 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, húðað utan marmarasalla, slétthúðað innan og með þaki úr timbri, pappa og steinskífu. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri m/stigagangi, innri forstofa og 1 fastur skápur, allt málað og dúklagt; enn fremur veggsvaíir. Á þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigaforstofa, 2 fastir skápar og smákompa undir súð, allt grunnmálað og dúklagt. Þiljað er á skambita, en ónothæft uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., anddyri með stigagangi, innri forstofa og fatahengi, allt málað og dúklagt; enn fremur þvottahús m/olíumíðstöð, geymsla undir stiga og útitröppum.

Stærð hússins: L 9.6 br. 8.4 h. 2.7 ris 3.2 kj. 2.7 = 564.48 m<sup>3</sup>

" útskots: L 5.0 br. 1.2 h. 2.7 ris 1.0 kj. 2.7 = 35.40 m<sup>3</sup>

599.88 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

347.900.00



Gata og númer:

N ö k k v a v o g u r 5

Möt framkvæmd: 24/5/1949.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð og ris m/porti og kvisti, byggt úr timbri á steinst. grunn, klætt utan timbri og pappa, fóðrað innan tvöföldum pappa, loftrúmun og texti og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúklagt, ennfremur 1 fastur skápur, þvottahús m/kolamiðstöð niðurgrafinni ca. 1 m. Á þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús og innri forstofa, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúklagt, ennfremur 2 herbergi ófrágengin. Þiljað er neðan á skambita.</p> <p>Stærð hússins: L 12.0 m. br. 8.0 m. h. 4.2 m. ris 3.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur <u>141.600.-</u></p>	
<p><u>Virt 20.1.1960.</u></p> <p>Frá síðasta mati 24.5.1949 hafa eftirfarandi breytingar orðið á húsinu.      Á 1. hæð hefur verið sett ný fullkomnari eldhúsinnrétting.      Í þakhæð hafa verið innréttuð tvö herbergi tå íbúðar, málað og dúklagt.      Stærð hússins: veri</p> <p>L. 12.0 m., br. 8.0 m., h. 4.2 m., ris 3.3 m., = 566.40 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....kr. <u>509.800.-</u></p>	
<p>Virt 29/9 1977.</p> <p>Óskast endurmetið vegna hækkandi verðlags, ýmsar lagfæringar hafa farið fram frá síðasta mati skipt um hurðir og sett tvöfalt gler í alla glugga.</p> <p>Stærðir óbreyttar.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....kr. <u>14.150.000</u></p>	
<p><u>Virt: 21/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.      Skúrinn er byggður úr timbri.      Stærð skúrsins:</p> <p>B.liður: 69 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr. <u>34.500.-</u></p>	

Möt framkvæmd: 17/5/1950.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris m/2 kvistum og kjallari, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara, klætt utan asbesti, en innan tvöföldum pappa og texti og með þaki úr timbri, pappa og asbestskífu. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, búr og smáskápur fastur, málaðir gangar og loft, hitt allt veggfóðrað á asbest. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, snyrtiklefi m/v.s., gangur og 6 fastir skápar, eikarstigi og veggsvaíir, allt með sama frágangi og á hæðinni. Þiljað er neðan á skambíta. Í kjallara eru 3 geymslur, bílgeymsla, þvottahús, olíumiðstöðvarklefi, geymsla undir stiga og útitröppum, allt múrhúðað, hurðir og gluggar málaðir.</p> <p>Stærð hússins: L 11.0 m. br. 8.2 m. h. 2.8 m. ris 3.5 m. kj. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>227.300.-</u></p>

Gata og númer:

N ö k k v a v o g u r 7

Möt framkvæmd: 25/11/1949.

Metið kr.

Íbúðarhús, 1 hæð, ris m/3 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu skilrúm vikurhlaðin, nema í risi eru þau úr timbri, óhúðað utan, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, hol og fastur skápur fjórsettur, stigagangur, allt málað og dúklagt. Á þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, forstofa, steypibaðherbergi m/v.s., geymsla timburþiljuð, hitt allt veggfóðrað, málað og dúklagt. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa og stigagangur, allt málað og dúklagt; þvottahús, kolamiðstöðvarklefi og geymsla undir útitröppum.

Stærð hússins: L 10.0 m. br. 9.3 m. h. 2.7 m. ris 3.5 m. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....Krónur 244.300.-V

Möt framkvæmd: 30/6/1957.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri á steinsteiptum kjallara, einangrað með steinull, klætt að utan með vatnslæðningu og með þaki úr timbri, pappa og steinskífu.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og ýmist dúkur eða parkett á gólfum.</p> <p>Þakhæðin er óinnréttað geymsla.</p> <p>Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingartæki og 1 geymsla. Að öðru leyti er kjallarinn ófrágenginn.</p> <p>Stærð hússins: L. 11.3 m. Br. 7.1 m. H. 2.9 m. Ris 1.4 m. Kj. 2.2 m. = 465.33 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr. 372.300.00</p>	
<p><u>Virt: 27/2 1979.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar breytingar á húsinu.</p> <p>1. hæð: Þar er nú eldhús, baðherbergi með sturtu og tilheyrandi, anddyri og er þar einnig hringstigi og 3. íbúðarherbergi.</p> <p>Kjallari: Þar er nú þvottahús, baðherbergi með kerlaug og tilheyrandi, 3. íbúðarherbergi, setustofa og gangur.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar frá fyrra mati.</p> <p>Húsið, ásamt tilehryandi, er virt á.....kr. 26.040.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 28/2/1953.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris m/2 kvistum og kjallari, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara, járnklætt og múrhúðað utan, klætt innan pappa og texti og með þaki úr timbri, pappa og eternitskífu. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, stígaús, innri forstofa og þrísettur fastur skápur, allt ýmist veggfóðrað eða málað allt dúklagt, stígaúsið múrhúðað. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stígaús, anddyri m/stíga upp múrhúðað, innri forstofa, súðarskápur kaldur og 2 fastir skápar, allt veggfóðrað og málað og dúklagt að mestu. Þiljað á skambita og geymsla uppi. Í kjallara eru vinnustofa, þvottahús, olíumiðstöðvarklefi, 2 geymslur, stígaús, ytri og innri gangur og geymsla undir útitröppum, allt ófrágengið.

Stærð hússins: L 10.0 br. 8.5 h. 3.5 ris 4.3 kj. 2.6 = 705.5 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

388.000.00<sup>v</sup>

Möt framkvæmd: 24/10/1949.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu kjallarinn, en veggir hlaðnir úr holsteini, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fatakrókur og þrissettur skápur, allt málað, korkur á eldhúsi og innri forstofa, hitt dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, gangur herbergin veggfóðruð, masonite á eldhúsi og gangi, hitt málað, allt dúklagt; þvottahús, olíumiðstöðvarklefi, geymsla og geymsla undir stiga og útitröppum. Stærð hússins: L 11.3 m. br. 7.1 m. h. 2.8 m. ris 1.3 m. kj. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....<u>Krónur</u> 144.400.- ✓</p>	
<p><u>Virt: 21/4 1981.</u> Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið. Skúrinn er byggður úr holsteini. Stærð skúrsins: B.liður: 77 m<sup>3</sup> Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....<u>kr.</u> 40.810.-</p>	

Gata og númer:

N ö k k v a v o g u r 11

Möt framkvæmd: 29/5/1948	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, port og ris og kjallari, byggt úr timbri, á steinsteyptan kjallara með timburskírúmmum, klætt utan aluminium, en timbri, texti og striga innan, og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 steypibaðherbergi m/v.s., 2 anddyri, 2 innri forstofur 2 fastir skápar, allt málað og dúklagt, en terrasso á baðherbergjum og anddyrum. Á þakhæð eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/keri og v.s., 2 stigagangar, 2 innri forstofur, allt málað og dúklagt. Þiljað neðan á skambita og er þar uppi geymsla. Í kjallara eru 6 geymslur ( 2 ófullgerðar), 2 þvottahús, 2 gangar ( annar ófullgerður), 2 kolamiðstöðver í þvottahúsum, allt múrhúðað innan.</p> <p>Stærð hússins : L 14.5 m., br. 8.7 m., h. 3.5 m., ris 4.2 m., kj. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>278.900.- =====</p>

Gata og númer:

N ö k k v a v o g u r 12

Möt framkvæmd: 23/8/1950.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, óhúðað utan, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., ytri og innri forstofa allt málað og dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., ytri og innri forstofa, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús m/olfumiðstöð og 3 geymslur.</p> <p>Stærð hússins: L 12.7 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m. kj. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L 5.0 m. br. 1.5 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kj. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>241.700.00</p> <hr/>
<p><u>Virt: 21/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið. Skúrinn er byggður úr timbri.</p> <p>Stærð skúrsins:</p> <p style="padding-left: 100px;">B.liður: 76 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.</p>	<p>38.000.-</p> <hr/>



Gata og númer:

N ö k k v a v o g u r 13

Möt framkvæmd: 17/7/1947.

Metið kr.

Ibúðar- og verzlunarhús, 1 hæð, port og ris og kjallari undir nokkrum hluta, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara og grunn, með þaki úr timbri, pappa og járn. Utan á binding er klætt borðum, en innan á binding er klætt trétexi, pappa og borðum og trétexi með álfímdum pappír og málað. Á aðal hæð er sölubúð með geymsluherbergi, 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., fastir skápar, anddyri, gangur og stigagangur. Á porthæð er sami frágangur. Þar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., fastir skápar, gangur og stigagangur. Yfir skammbitum er loft og þar er geymsla. Í kjallara er þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi með olfuhituðum katli og geymsla. Loft er úr timbri með milliklæðningu úr trétexi.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 8.5 m. h. 3.9 m. ris 4.0 m.

" kjallara: L 11.0 m. br. 4.6 m. h. 2.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

209.400.-

Möt framkvæmd: 20/8/1949	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, húðað utan klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, ytri og innri forstofa, allt 6 málað og dúklegt. Þakhæðin er óinnréttuð. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., allt dúklegt en ómálað, ennfremur ytri og innri vorstofa, þvottahús og kolamiðstöðvarklefi. Þar sem hæðirnar eru ómálaðar og ótilbúnar verður húsið metið, eins og það er nú.</p> <p>Stærð hússins: L 11.0 m. br. 6.7 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kj. 2.2 m.</p> <p>"viðbygg. : L 5.3 m. br. 4.6 m. h. 2.6 m. ris 1.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>126.400.- ✓</p>

Möt framkvæmd: 20/7/1950

Metið kr.

Ibúðar- og verkstæðishús, 1 hæð, ris m/3 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt, nema í risi eru þau úr múrhúðuðu timbri, húðað utan marmarasalla, kvartsi og tinnu, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 steypibaðherbergi m/v.s., búr, anddyri, 2 innri forstofur, allt málað og dúklagt. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s. búr, stigaanddyri, innri forstofa, innbyggður veggskápur og súðarskápar, allt múrhúðað í hólf og gólf, málað og dúklagt; Þiljað er á skambita og er geymsla þar uppi. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, allt málað og dúklagt; ennfremur 2 bifreiðaviðgerða- og rennismíðasalir, þvottahús m/olíumiðstöð og 2 geymslur undir útitröppum.

Stærð hússins: L 14.7 m. br. 10.0 m. h. 2.8 m. ris 4.0 m. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

424.200.00

Möt framkvæmd: 30/12/1953.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris m/4 gluggakvistum og kjallari, byggt úr timbri á steinsteypnan kjallara, klætt utan asbesti, fóðrað spónasteypu og múrhúðað innan og með paki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri m/stigagangi, innri forstofa m/stigaopi, fatahengi og pre-faldur fastur skápur m/yfirskápum, allt málað og dúklagt. Á pakhæð eru 4 íbúðarherbergi, 2 smáeldhús, borðkrókur, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri gangur, fataskápur og smásúðarskápar, allt málað og dúklagt. Piljað á skambita og smágeymsla uppi. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri m/stigagangi, innri forstofa og fjórsettur fastur skápur m/yfirskápum, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, kolamiðstöðvarklefi m/3 kötlum, 2 geymslur, geymsla undir stiga og úti-tröppum.

Stærð hússins: L 13.3 br. 7.0 h. 3.8 ris 3.2 kj. 2.6 = 744.8 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....

446.900.00

Virt: 21/4 1981.

Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.

Skúrinn er byggður úr holsteini.

Stærð skúrsins: B.líður: 80 m<sup>3</sup>

Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr..

42.400.-

## NÖKKVAVOGUR 18.

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 20/6/1960, 5/8/1960	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, gosull og timbri, slétt húðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og með einn gluggakvist.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús m/borðkrókum, 2 v. s. og 2 handlaugar, 2 anddyri og 2 forstofur. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum að nokkru. 2 svalir.</p> <p>Á 2. hæð eru 6 íbúðarherbergi, 2 baðherbergi m/kerlaugum, 2 v. s. og 2 handlaugar, 2 stigahús og 2 forstofur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í hluta glugga. 2 svalir.</p> <p>Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, 2 anddyri og forstofa. - Auk þess er í kjallara þvottahús, kyndiklefi með 2 olíukyndingarkötlum og 3 geymslur.</p> <p>Stærð hússins: L. 16.28 m., br. 9.0 m., h. 5.5 m., kjh. 2.7 m. = 1.127.66 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr. 1.127.700.-</p>	
<p><u>Virt 5/8/1960</u></p> <p>Nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu, m/steypu þaki. Einangraður m/plasti rafmagn. ósundurhólfaður.</p> <p>Stærð skúmsins: L. 6.85 m., br. 4.10 m., h. 2.6 m., = 73.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á ..... kr. 58.000.-</p>	
<p><u>Virt: 21/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.</p> <p>Skúrinn er byggður úr holsteini.</p> <p>Stærð skúrsins: C.liður: 100 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr. 53.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 27/12/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, á steinsteyptan kjallara, klætt innan trétexi, timburklætt utan og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, veggfóðruð, eldhús, v.s. m/handlaug, anddyri, innri forstofa, stigahús og fastur skápur, allt ásamt loftum múrhúðað og málað, nema herbergin, allt dúklagt. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, smágangur, allt timburklætt og veggfóðrað, gólfóðúklögð; stigi múrhúðaður og dúklagður; ennfremur geymsla og súðarskápar. Þiljað á skambita og geymsla þar uppi. Í kjallara er þvottahús og olfumiðstöðvarklefi; allt annað óinnréttað.</p> <p>Stærð hússins: L 9.0 m. br. 7.4 m. h. 3.6 m. ris 3.8 m. kj. 2.6 m.  " útskots: L 3.5 m. br. 1.0 m. h. 4.0 m. slétt þak kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>225.000.00/</p>
<p><u>Virt: 21/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.  Skúrinn er byggður úr timbri.  Stærð skúrsins: B.liður: 77 m<sup>3</sup>  Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>kr. 38.500.-</p>

Möt framkvæmd: 24/5/1949.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 2 skápasamstæður, allt málað og dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, steypibaðherbergi m/v.s., og handlaug, anddyri, innri forstofa, allt málað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarklefi og geymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 11.0 m. br. 6.7 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kj. 2.2 m.</p> <p>" viðbygg.: L 5.3 m. br. 4.6 m. h. 2.6 m. ris 1.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....krónur</p>	<p>176.900.-</p>
<p><u>Virt: 21/4 1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.</p> <p>Skúrinn er byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærð skúrsins: B.liður: 81 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.</p>	<p>50.544.-</p>

Möt framkvæmd: 16/1/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri, af sænskri Söderkulla-gerð, steinsteyptur kjallari, klætt utan timburvatnasklæðningu, fóðrað innan glerull og með þaki úr timbri, pappa og eternitskifu. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa 6 fastir skápar, ennfremur íbúðarherbergi, eldhús, v.s., fataskápur og forstofa, allt ýmist málað eða veggfóðrað og dúklagt. Á þakhæð er 1 íbúðarherbergi, hitt óinnréttað. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypi-baðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa og tvísettur skápur, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarklefi, geymsla, stórt geymslurúm óinnréttað og geymsla undir útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 14.0 m. br. 10.0 m. h. 3.0 m. ris 2.2 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>309.500.-</u></p>
<p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.</p> <p>Skúrinn er byggður úr timbri.</p> <p>Stærð skúrsins: 60 m<sup>3</sup></p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.</p>	<p><u>30.000.-</u></p>



Möt framkvæmd: 16/11/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steypt eða vikurhlaðin, húðað utan marmarasalla, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, þappa og bárujárni. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, gangur og 2 fastir skápar, allt málað og dúklegt; veggsvaíir. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 2 fastir skápar, allt málað og dúklegt; ennfremur þvottahús, miðstöðvarklefi m/olíu- og kolakatli, geymsla undir stiga og geymsla undir útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 12.0 m. br. 10.4 m. h. 2.9 m. ris 2.5 m. kj. 2.9 m.</p> <p>" útskots: L 5.0 m. br. 1.3 m. h. 2.9 m. ris 1.0 m. kj. 2.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>417.200.00/</p>
